

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 24. ÁRG. 2018



FULLVELDI OG  
ÞJÓÐRÉTTARSAMSTARF

10-15

MIKILVÆGAST AÐ  
VERA HEIÐARLEG

16-20

PENINGA-  
ÞVÆTTI

24-26



- |  |  |   |
|--|--|---|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR<br/>Leiðari</p> <p>6 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR<br/>Mörg mál hjá<br/>Mannréttindadómstól Evrópu</p> <p>8 JÓLAHUGVEKJA<br/>SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR<br/>Alls konar jól</p> <p>10 DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON<br/>Fullveldi og þjóðréttarsamstarf</p> | <p>16 EVA HALLDÓRSDÓTTIR og MARÍN<br/>GUÐRÚN HRAFNSDÓTTIR<br/>Mikilvægast að vera heiðarleg.<br/>Viðtal við Þórunni<br/>Guðmundsdóttur</p> <p>21 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON<br/>Réttarfarssektir verjenda</p> <p>24 ALDÍS BJARNADÓTTIR OG ANNA<br/>RAGNHILDUR HALLDÓRSDÓTTIR<br/>Peningaþvætti kemur<br/>lögmonnum við</p> | <p>28 INGIMAR INGASON<br/>Færri öðlast málflytningsréttindi</p> <p>30 KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR<br/>Aðgengi að lögmonnum í<br/>heimabyggð mikilvægt</p> <p>34 GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON<br/>Lögfræðin í bænum</p> <p>36 KOLBRÚN GARÐARSDÓTTIR<br/>Systrafélag kvenna í lögmennsku<br/>sótt heim</p> |
|--|--|---|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: lmf@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Eva Halldórsdóttir lögmaður.  
netfang: eva@laekjargata.is

**Ritnefnd**  
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður  
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður  
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður  
Viðir Smári Petersen lögmaður

**Blaðamaður**  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir

**Stjórn LMFÍ**  
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður  
Heiðrún Jónsdóttir lögmaður  
Ástráður Haraldsson  
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður  
Stefán Andrew Svensson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður  
Birna Hlín Káradóttir lögmaður  
Viðar Lúðvíksson lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumynd**  
Ljósmyndari: Marínó Flóvent


PRENTVINNSLA  
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA  
Öflun ehf  
Sími 530 0800





# GJAFABRÉF Í JÓLAPAKKANN



## Tilvalin gjöf fyrir þann sem þér þykir vænt um

Herbergin á Sigló Hótelu eru himnesk með dýrðlegu útsýni. Það er dásamlegt að slaka á í heita pottinum eða arinstofunni og maturinn á veitingastaðnum Sunnu er veisla fyrir bragðlökana úr hráefni úr umhverfi Siglufjarðar.

Skoðaðu úrval gjafabréfa á [siglohotel.is](http://siglohotel.is)

SIGLÓ  HÓTEL



# ORÐRÆÐAN UM FULLVELDIÐ

EVA HALLDÓRSDÓTTIR LÖGMAÐUR  
RITSTJÓRI



Það kennir ýmissa grasa í efnismiklu síðasta tölublaði ársins.

Þórunn Guðmundsdóttir lögmaður er í forsíðuviðtali að þessu sinni. Þessi reyndi og farsæli lögmaður segir í áhugaverðu viðtali frá sinni reynslu af lögmennsku, sem hún hefur stundað samfleytt í um það bil 35 ár. Hefur hún á þeim tíma þurft að takast á við mál af ýmsum toga og segir einnig frá því hvernig tækniþróun undafarin ár hefur breytt störfum stéttarinnar.

Þórunn komst í sögubækur Lögmannafélags Íslands þegar hún varð fyrsti kvenkyns lögmaðurinn sem var kjörinn formaður þess. Þetta var árið 1995 og á þeim tíma var mikill meirihluti félagsmanna karlmenn. Þórunn gegndi stöðunni til ársins 1997 en frá þeim tíma hefur konum fjölgað umtalsvert í félaginu og hlutfall kynjanna jafnast. Eins merkilegt og það nú er liðu hins vegar rúm 20 ár þar til annar kvenmaður tók við forystu í félaginu þegar Berglind Svavarsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi síðastliðið vor. Það má velta fyrir sér hvað valdi því að ekki hafi fleiri konur gegnt formennsku. Þar koma til margir þættir og þessi leiðari er of stuttur til að kryfja öll sjónarmið í því sambandi. Þó má segja að til framtíðar litið sé hins vegar mikilvægt að huga að sjónarmiðum um jafnrétti kynjanna þegar kemur að því að kjósa forystu félagsins.

Í blaðinu er einnig að finna einkar áhugaverð grein Dr. Davíðs Þórs Björgvinssonar um fullveldi en líkt og kunnugt er fögnuðum við aldarafmæli fullveldis Íslands 1. desember sl. með pompi og prakt. Á þeim degi voru 100 ár liðin frá

því að sambandslagasamningurinn tók gildi og Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.

Í grein sinni leggur Dr. Davíð Þór út af fullveldi í lögfræðilegum skilningi. Greining hans á einkar vel við um þessar mundir enda hafa umtalsverðar deilur átt sér stað á opinberum vettvangi um svokallaðan þriðja orku pakka Evrópusambandsins sem Ísland þarf að innleiða vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Í grunninn er um að ræða innleiðingu regluverks um flutning á orku milli landa og stofnun orkustofnunar Evrópu (ACER).


Sú skoðun hefur verið nokkuð óumdeild hér á landi, undanfarin ár hið minnsta, að innganga Íslands í EES hafi verið gæfuspor. Í tilefni af innleiðingu þessa þriðja orkupakka hafa hins vegar þær raddir verið háværar að innleiðing regluverksins feli í sér einhvers konar framsal á fullveldi Íslands. Þessi orðræða og þessar fullyrðingar standast ekki skoðun, líkt og fræðimenn á sviðinu hafa vitnað um í viðtölum og greinarskrifum. Felur hún raunar í sér afbökun á staðreyndum málsins og viðurkenndum sjónarmiðum um eðli fullveldisins, því eins og fram kemur í grein Dr. Davíðs Þórs neytir íslenska ríkið þvert á móti fullveldisréttinda sinna með því að taka þátt í alþjóðasamstarfi.

Orðræðan um framsal fullveldis í þessu sambandi virðist því fremur sett fram í þeim tilgangi að gera alþjóðlegt samstarf tortryggilegt. Virðist þannig raunverulegur tilgangur þeirra sem halda henni á lofti vera sá að koma því á dagskrá hvort rétt sé að Ísland segi sig frá EES-samningnum.



# Örugg eyðing gagna

Vottað ferli



Við vinnum eftir  
vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 7  
112 Reykjavík

Sími: 568 9095  
www.gagnaeyding.is

**GAGNAEYÐING**

# MÖRG MÁL HJÁ MANNRÉTTINDA- DÓMSTÓL EVRÓPU

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Tímamót urðu hér á landi þegar Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur árið 1994. Ári síðar var mannréttindakafla stjórnarskrárinnar breytt og réttindavernd hennar samræmd við þau réttindi sem sáttmálinn veitir. Á þeim árum sem liðin eru hafa íslenskir lögmenn og dómarmar í sívaxandi mæli litið til dómafordæma Mannréttindadómstólsins í sínum störfum, vægi þeirra dóma hefur aukist og almennt má segja að íslenskir dómstólar beiti sáttmálanum í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins.

Fordæmi Mannréttindadómstólsins skipta miklu máli fyrir lýðræðisþróun og vernd borgaranna og þótt áfellsdómar frá Strassborg séu vissulega mikið alvörumál þá geta þeir hins vegar haft mjög jákvæð áhrif á réttaröryggi hér á landi – eins og dæmin sanna. Það er þó umhugsunarvert ef þeir áfellsdómar verða of margir. Í þessu ljósi verður því að telja mjög athyglisvert að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá skrifstofu MDE voru þann 1. júlí s.l. 47 mál frá Íslandi sem biðu afgreiðslu Mannréttindadómstólsins, þar af 44 fyrir 7 dómara deild (chamber). Fjöldi mála sem bíða fyrir þeirri deild frá hinum Norðurlöndunum eru 12 frá Danmörku (heildarfjöldi mála fyrir dómstólnum 26), 11 frá Svíþjóð (87), 18 frá Noregi (63) og 7 frá Finnlandi (62). Ísland ber þannig höfuð og herðar yfir hin Norðurlöndin hvað varðar fjölda þeirra mála sem bíða fyrir 7 dómara deildinni, og þurfum við ekki einu sinni að styðjast við hina margfrægu höfðatölu til að sýna fram á yfirburði Íslendinga.

Þessi staðreynd kemur samt óneitanlega á óvart og vekur upp spurningar um hvort ástandi mannréttindamála hér á landi sé í raun svona áfátt og hvort við grundvallarvanda sé að etja í íslensku lagakerfi og réttarframkvæmd. Niðurstaða framangreindra mála mun væntanlega gefa okkur nánari

vísendingar þar að lútandi og er þá mikilvægt að geta átt gagnrýna umræðu og dregið lærdóm af.

Nú hafa síðustu dómarmar „gamla“ Hæstaréttar verið kveðnir upp og má því segja að upptaka millidómsstigsins sé þá orðin endanleg. Framvegis mun Hæstiréttur gegna því hlutverki að vera fordæmisgefandi dómstóll og með því að miklu álagi hefur nú verið létt af réttinum má ætla að það skapi dómurum betri aðstæður til að sinna veigamiklum og fordæmisgefandi málum. Þá mun Hæstiréttur framvegis starfa í einni deild sem jafnframt er til þess fallið að auka fordæmisgildi dóma réttarins.

Hvaða áhrif framangreindar breytingar munu hafa á framkvæmd og málsmeðferð fyrir réttinum á eftir að koma í ljós en í umræðum þar að lútandi hefur meðal annars borið á góma hvort samning dómarmar muni taka einhverjum breytingum frá því sem nú er, og hvort þess megi vænta að dómarmar verði eftir atvikum ítarlegri og með almennari rökstuðningi, sem hafi víðtækt fordæmisgildi. Þá eru vonir bundnar við breytta afstöðu réttarins til tímalengdar málflutnings nú þegar fjölda mála fækkar til muna. Einnig hefur því verið velt upp hvort kæru- og áfrýjunarheimildir til Hæstaréttar hafi verið skilgreindar of þröngar og aðgengi borgaranna að dómstólnum þar með skert um of. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu réttarins hefur réttinum borist 41 beiðni um málskot og þar af hafa einungis 8 beiðnir verið samþykktar. Það hlutfall virðist þó reyndar ekki fjarri því sem gerist á Norðurlöndum. Miðað við þetta má kannski ímynda sér að fjöldi mála verði í kringum 50 á ári hverju. Tíminn mun leiða ofangreint í ljós en í öllu falli er ljóst að töluverð eftirvænting ríkir til hins nýja fyrirkomulags og hvernig það muni reynast í framkvæmd.



1 SYSTEMS  
**One**

1 SYSTEMS  
**OneRecords**  
Mála- og skjalakerfi

**ÖFLUGT**  
mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
**LÖGMANNSSTOFUR**

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



**Meðal viðskiptamanna:**

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



1 SYSTEMS  
**OneDragDrop**  
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifinu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaögang.  
(spjalddölvulesaögangur að kerfinu)

**One býður hagkvæmar lausnir**  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS  
**One**

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



# ALLSKONAR JÓL

JÓLAHUGVEKJA SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR



Ég held að við höfum öll í kollinum hugmynd um hin fullkomnu jól. Jól, þar sem allar jólagjafir eru keyptar tímanlega og fyrir skynsamlegar upphæðir. Þar sem haustið hefur farið í að grynna jafnt og þétt á draslinu á heimilinu, sem bíður svo bara eftir að maður renni létt yfir það á Þorláksmessu með dyggri hjálp barnanna. Þessi sömu börn eru auðvitað löngu búin að eignast viðeigandi spariföt og skó - sem þau vilja vera í. Svo rennur aðfangadagur upp í mjúkri logndrífú, eftir notalega, rólega og hlýlega aðventu og allt er eins og það hefur alltaf verið, af því að jól eru jú hátíð hefðanna.

Einmitt. Ímyndið ykkur að hér komi hljóð eins og verið sé að rispa hljómplötu.

Ekki af því að jól geti ekki verið fullkomin. Ég held að flest mín jól hafi stappað nærri einhvers konar fullkomnun, en það er hugsanlega meira tengt hugarástandi og ákveðinni nægjusemi en því að þau hafi verið svona fullkomin lífstílsbloggaraglansmyndajól.

Fyrstu jólin okkar Loga vann ég fram á Þorláksmessukvöld og rétt náði að skjótast í Kringluna að kaupa gervijólatré og allt á það fyrir lokun. Fór svo heim og skreytti tréð meðan Logi sofnaði í sófanum. Það má kannski nefna að ég er með ákveðna áráttu sem brýst heiftarlega út við jólaskreytingar og gerir það að verkum að það að skreyta tréð er aldrei undir þriggja tíma verki. Morguninn eftir fór ég svo aftur í Kringluna til að kaupa hamborgarhrygginn og var þar með

stressuðum eiginmönnum sem hlupu eins og hauslausar hænur að finna eitthvað nógu gott handa konunni fyrir lokun. Logi hafði séð um önnur matarinnkaup, eftir excel-skjali sem ég hafði sett nákvæmlega upp, með magni og vöruflokkum. Hann hélt reyndar að ég væri klikkuð þegar ég sendi honum þetta en hefur fyrir löngu viðurkennt að þetta sé eina leiðin til að kaupa inn fyrir jólin. Þessi listi, ásamt álíka nákvæmum leiðbeiningum frá mömmu um jólamatargerð, hefur oft bjargað okkur frá stórslysum í jólahaldi síðan. Þessi jól voru sem sagt ekki vandlega undirbúin með löngum fyrirvara, en þau redduðust samt.

Mér finnst hátíðlegt að hafa ekki allt á haus þegar jólin ganga í garð, enda alin upp af einstökum snyrtimenum. Pabbi bónaði alltaf bílskúrsgólfíð þangað til hann flísalagði það og ég held að það hafi ekki eitt rykkorn lifað af jólahreingerningu mömmu. Við systurnar höfðum okkar skyldur og í minningunni tengist Þorláksmessa og þrif á baðskáp órjúfanlegum böndum. En þegar maður er með sex börn á ýmsum aldri inn og út af heimilinu, ásamt vinum, heimilisköttum og gestaköttum, lærist manni að gera minni kröfur. Svo geri ég mér grein fyrir því að það er sennilega meiri hjálp í köttunum við þrifin en börnunum mínum. Þess vegna er ég löngu búin að ákveða að jólin komi þótt baðskápurinn sé í rugli og jafnvel ýmislegt fleira.

Jólaföt? Þau eru höfuðverkur. Ég fæ aldrei aftur alla þá klukkutíma sem hafa farið í að finna jólabuxur, jólaskyrturnar, jólakjóra og jólaskó á öll mín börn. Þessi sömu börn hafa



heilsað jólunum í öllu mögulegu öðru en tilætluðum sparifötum. Meira að segja bara á samfellunni. Það voru jólin sem eldri dóttir okkar Loga var að verða tveggja ára og harðneitaði að taka þátt í einhverju svona búningadrama.

Eftir að ég fór að halda excel-skjal yfir allar gjafir til og frá öllum í fjölskyldunni hefur orðið ákveðin þróun í gjafamálum. Logi hefur til dæmis ekki gengið í gegnum það sama og minn fyrrverandi sem sagði þegar hann fann gamlan handskrifaðan jólagjafainnkaupalista í vasa á kápu af mér: „Nei, sko, jólagjöfin mín um næstu jól, peysa!“ (Það má vera að ég hafi ekki verið að vinna til neinna nýsköpunarverðlauna í jólagjafakaupum á þessum tíma.)

Þótt við höldum í ákveðnar hefðir hef ég lært af reynslunni að jól eru að miklu leyti hugarástand. Ég veit samt að þetta hugarástand á sér takmörk og reyni alls ekki að gefa börnunum gjafakort á geit handa fjölskyldu í Afríku eða eitthvað álíka. Og maður er alltaf að búa til nýjar hefðir eða koma sjálfum sér á óvart með því að geta haldið jól þrátt fyrir breytingar. Þannig verð ég að viðurkenna að við

Logi kviðum fyrstu jólunum án barnanna okkar talsvert, en við komumst að því að þótt hitt sé betra er hægt að njóta barnlausra jóla. Loga finnst samt ennþá að þessi fullorðinsjól hafi ekki gengið nógu langt og er alveg fullkomlega ósammála mér um að Jesú og pabba hans finnist að fólk eigi að borða jólamat í fötum.

Jólasnjór er alltaf vel þeginn en ef ég á að segja eins og er man ég ekki einu sinni hvort síðustu jól voru rauð eða hvít. Þegar ég áttaði mig á því að hundslappadrifa væri ekki algjör forsenda fyrir jólaskapi, ákváðum við að það væri kominn tími til að fara alla leið í flippinu og halda bara jól, svamlandi sjónum í, suður á Kanarí.

Gleðileg allskonar jól!

*Gleðileg jól*

*Ásar – þýðingar og túlkun slf*

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda  
*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Matthías M. Kristiansen, þýðandi  
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholt 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is*


# FULLVELDI OG ÞJÓÐRÉTTAR- SAMSTARF

DR. JUR. DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON

I  
Ísland fagnar hundrað ára fullveldi í ár. Þess er minnst á margvíslegan hátt. Viðburðir í tilefni afmælisins, ráðstefnur, ræður og skrif bera með sér að nálgast má viðfangsefnið úr mismunandi áttum. Ljóst er að skilja má fullveldi á ólíka vegu eftir því hver sjónarhóllinn er sem horft er af. Þannig ræðir um fullveldið í sögulegum skilningi, stjórn málafræðilegum, hagfræðilegum, heimspekilegum, menningarlegum og svo auðvitað lögfræðilegum. Hér eru settar fram hugleiðingar um hið síðastnefnda og þá aðeins afmarkaðan hluta þess, enda verður ekki lengra seilt í svo stuttu greinarkorni.

Einn angi hinnar lögfræðilegu umræðu er fullveldi ríkis í þjóðréttarsamstarfi. Í hefðbundnum skilningi hefur þjóðaréttur að geyma reglur sem gilda um samskipti fullvalda ríkja. Talað er um fjórar forsendur fullveldis í þessu sambandi, en þær eru: fólk, land, lögbundið skipulag og stjórnskipulegt sjálfstæði. Þegar sagt er í þjóðarétti að ríki sé fullvalda er einkum vísað til þess síðasttalda. Í því felst að ríki fari sjálft með æðstu stjórn málefna sinna óháð yfiröldum annarra ríkja eða, eftir atvikum, alþjóðlegum stofnunum. Enginn ágreiningur er um að Ísland fullnægir þessum forsendum og er fullgildur aðili þjóðaréttar nú á tímum.

Heita má að álitaefni sé hvort Ísland varð fullgildur þjóðréttaraðili þegar þann 1. desember 1918, en Íslendingar tengja fullveldisdaginn við gildistöku sambandslaga-



---

EF EKKI ER UNNT AÐ FINNA ÞEIRRI VERND STÖÐ  
INNAN ÓBREYTTAR STJÓRNARSKRÁR BLASIR  
VIÐ AÐ BREYTA ÞARF ÞEIRRI STJÓRNARSKRÁ

---

samningsins þann dag, þótt strangt til tekið hafi eingöngu falist í honum viðurkenning Danmerkur á fullveldi landsins. Hver sem skoðun manna kann að vera á þessu er ljóst að Íslendingar hafa síðan þá fengið fulla viðurkenningu í alþjóðasamfélaginu á fullveldi sínu. Þetta birtist m.a. í þeim fjölmörgu þjóðréttarsamningum sem Ísland hefur gert á fullveldistímanum.

II  
Fullveldið kemur reglulega til umræðu þegar íslenska ríkið gerir þjóðréttarsamninga. Heyrist þá jafnvel að í hvert sinn sem íslenska ríkið gerir slíkan samning feli það í einhverjum skilningi í sér takmörkun á fullveldi. Þessi skoðun nýtur takmarkaðs fylgis og verður henni ekki haldið hér frekar á lofti. Raunin er sú, frá sjónarhóli þjóðaréttar, að það felur þvert á móti í sér viðurkenningu á Íslandi sem fullvalda ríkis að önnur ríki telji það gildan viðsemjanda að þjóðarétti. Þetta breytir því ekki að skuldbindingar í sumum þjóðréttarsamningum eru þess eðlis að réttmætar spurningar vakna um hvort þær

samrýmast fullveldi landsins og hvort það rúmast innan óbreyttrar stjórnarskrár að gangast undir þær. Einn þessara samninga er EES-samningurinn, sem og ýmsar lagalegar gerðir sem af honum hafa leitt.

### III

Þegar megindrættir EES-samningsins lágu fyrir var mikið rætt um að þær ráðagerðir sem þar birtust fælu í sér skerðingu á löggjafar- og dómvaldi og þær kynnu að fela í sér aðild að yfirþjóðlegum stofnunum, bæði að formi og innihaldi. Orðræða af þessu tagi hafði ríkuleg áhrif á frekari samningaviðræður um EES-samninginn og mótaði lagalega gerð hans. Mikil áhersla var á það lögð, einkum af hálfu Íslendinga og Norðmanna, að ná skyldi markmiðum samningsins án þess að EFTA-ríkjunum yrði gert að skerða sjálfstæði sitt eða fullveldi.

Þessi ríka viðleitni kom þó ekki í veg fyrir að miklar deilur spruttu um hvort þetta hefði tekist nægilega vel þegar fullgilding og lögfesting EES-samningsins kom til meðferðar á Alþingi. Var af þessum sökum skipuð nefnd lögfræðinga til að meta hvort unnt væri að fullgilda samninginn og lögfesta að óbreyttri stjórnarskrá. Taldi nefndin að svo væri.<sup>1</sup> Á þetta álitafni hefur einnig reynt síðar við innleiðingu nýrra gerða.<sup>2</sup> Nú síðast sprettur þessi umræða fram um þriðja orkupakka ESB sem svo er nefndur.

Niðurstaða af lagalegum athugunum á þessu hefur verið sú að hinn almenni löggjafi geti að óbreyttri stjórnarskrá deilt valdheimildum ríkisins með alþjóðlegum stofnunum að vissu marki. Þar sem íslenska stjórnarskráin heimili þetta ekki berum orðum er byggt á reglu sem talin er hafa mótast í lagaframkvæmd og fræðilegum viðhorfum, en þekkt er að inntak og eðli stjórnskipunarreglna mótast tíðum þannig.

### IV

Við mat á hvort einstaka gerðir, sem af EES-samningnum leiða og Íslandi er skylt að leiða í landsrétt sinn, samrýmast stjórnarskránni og þeim fullveldisfyrirvörum sem í henni verða taldir felast, er hollt að líta til megindrátta í þróun

þjóðaréttar frá því Ísland varð fullvalda ríki. Má halda því fram að þetta atriði hafi ekki fengið það vægi í umræðu um EES og stjórnarskrána sem vert væri.

Snemma á 20. öld, þegar Ísland fékk viðurkenningu á fullveldi sínu, var litið svo á að þjóðaréttur væri safn reglna sem lögbinda samskipti ríkja. Almennt var ekki talið að þjóðaréttur væri til þess að lögbinda samskipti borgara mismunandi ríkja eða samskipti borgara eins ríkis við yfirvöld í eigin ríki eða yfirvöld í öðru ríki. Aðilar þjóðaréttar voru í samræmi við þessi viðhorf fullvalda ríki, en ekki einstaklingar og lögaðilar.

Algengt er í yfirlitsritum þjóðaréttar að ganga í meginatriðum út frá þessari skilgreiningu á þjóðarétti. Hún á þó síður við nú á dögum en fyrir hundrað árum síðan. Ástæðan er vaxandi alþjóðasamskipti á öllum sviðum. Hafa þau leitt til aukinnar fjölbreytni þjóðaréttarreglna sem hafa áhrif á réttindi og skyldur fleiri aðila en áður og á fleiri sviðum. Þetta hefur grafið undan hinni hefðbundnu skilgreiningu á hlutverki þjóðaréttar. Þjóðaréttarreglur taka, beint eða óbeint, í vaxandi mæli til lögskipta alþjóðastofnana, alþjóðlegra fyrirtækja og alþjóðlegra samtaka af ýmsu tagi, þótt þau teljist ekki til alþjóðastofnana, og síðast en ekki síst til einstaklinga, þótt þeir teljist að formi til aðeins skuldbinda ríki til athafna eða athafnaleysis. Mannréttindasáttmáli Evrópu, og raunar alþjóðlegir mannréttindasáttmálar almennt, eru dæmi um þetta. Með mannréttindasáttmála Evrópu skuldbinda samningsríkin sig til að tryggja einstaklingum (og lögaðilum), sem staddir eru innan yfirráðasvæðis þeirra, þau réttindi sem sáttmálinn mælir fyrir um. Vegna hinnar hefðbundnu hugmyndar um að þjóðaréttur skuldbindi aðeins fullvalda ríki er litið svo á í formlegum skilningi að ríkin hafi sem slík skuldbundið sig gagnvart öðrum ríkjum til að tryggja réttindi *eigin* borgara. Þetta getur þó engu breytt um að þýðing reglna sáttmálans ræðst engu að síður af hinni áþreifanlegu vernd sem þær veita borgurum samningsríkjanna. Í samræmi við það gerir sáttmálinn ráð fyrir að einstaklingar geti átt aðild að þeim réttarsamböndum sem af honum leiða, enda mælir

<sup>1</sup> Alþingistíðindi A 1992 (þskj. 30, fylgiskjal I), bls. 682–713. Höfundar álitsins voru Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Sjá fylgiskjöl II og III með frumvarpinu. Er annars vegar um að ræða lögfræðiálit Björns Þ. Guðmundssonar prófessors og hins vegar lögfræðiálit dr. Guðmundar Alfreðssonar, en báðir töldu þeir nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni til að unnt væri að fullgilda EES-samninginn og lögfesta.

<sup>2</sup> Sjá hér meðal annars Davíð Þór Björgvinsson: *Álitsgerð um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í tilefni af innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003* (samkeppnisreglur); Björg Thorarensen og Stefán Már Stefánsson: *Álitsgerð um stjórnskipulegar heimildir landsréttar og möguleika á innleiðingu reglugerða ESB um eftirlit með fjármálamörkuðum í EES-samninginn* og eftir sömu höfunda *Álitsgerð um hvort innleiðing reglugerðar ESB nr. 1193/2011 um sameiginlegt skráningarkerfi fyrir losunarheimildir sé annmörkum háð með tilliti til ákvæða stjórnarskrárinnar*; Skúli Magnússon: *Álitsgerð um stjórnskipulegar heimildir til innleiðingar tiltekinna nýrra EES-gerða um fjármálaeftirlit*.



hann fyrir um sérstaka stofnun (Mannréttindadómstól Evrópu) sem veitir einstaklingum möguleika á að leita réttar síns beint gagnvart ríki sem þeir telja að hafi brotið á sér mannréttindi. Ekki hefur því verið haldið fram að valdheimildir Mannréttindadómstóls Evrópu til að lýsa íslenska ríkið brotlegt gagnvart eigin borgurum, og gera því skylt að greiða þeim skaðabætur og málskostnað, fari gegn fullveldisréttindum íslenska ríkisins. Má þó ætla að sá möguleiki að þjóðaréttur myndi þróast með þessum hætti hafi ekki verið mönnum í ofarlega huga árið 1918.

---

ÍSLENSKA RÍKIÐ HEFUR Í RAUN Í MÁLUM  
TENGDUM FRAMKVÆMD EES-SAMNINGSINS  
BORIÐ FYRIR SIG FULLVELDISRÉTTINDI SÍN TIL  
AÐ NEITA EINSTAKLINGUM, Þ.M.T. LAUNÞEGUM,  
OG AÐILUM Í ATVINNUREKSTRI UM RÉTTINDI  
SEM ÞEIM BER SAMKVÆMT EES-SAMNINGNUM.]

---

Annar slíkur samningur er EES-samningurinn. Þótt hann sé í raun þjóðréttarsamningur að formi til fellur hann illa að skilningi manna á þjóðarétti árið 1918, m.a. vegna hinna ríku krafna sem hann gerir til efnis landsréttar og þeirra markmiða hans að tryggja réttindi einstaklinga og aðila í atvinnurekstri, sem og úrræða til að þrýsta á um að ríki standi við þær skuldbindingar sínar gagnvart þeim.

## V

Þegar metið er hvort EES-samningurinn samræmist hugmyndum okkar um fullveldi íslenska ríkisins nú á tímum skiptir þetta einkenni hans máli. Við það mat er gagnlegt að skoða málið út frá þeirri spurningu hverjir þeir hagsmunir eru sem kröfunni um fullveldi er ætlað að þjóna og standa vörð um.

Í fyrsta lagi má líta svo á að markmið áskilnaðar um fullveldi miði að því að vernda hagsmuni hinnar íslensku ríkisheildar, þar sem landið, þjóðin og ríkisvaldið og handhafar þess eru samstiga eining sem hefur sömu hagsmuna að gæta. Þetta er í ætt við hefðbundnar hugmyndir um þjóðerni og þjóðareiningu sem mótuðu umræður í Evrópu á 19. öld, þ.m.t. á Íslandi, og höfðu áhrif á baráttu þjóðríkja fyrir sjálfstæði og fullveldi í eigin málum. Þessi sýn á fullveldið hrekkur þó skammt þegar metin er þýðing þess í samskiptum ríkja á grundvelli þjóðaréttar í samtímanum, enda forsendur, að því er varðar samskipti fullvalda ríkja á

þeim vettvangi, allt aðrar en við áttu um baráttu þjóðríkja fyrir sjálfstæði og fullveldi á 19. öld. Ef einblínt er á þessa verndarhagsmuni er hættan sú að krafan um fullveldi sé notuð til að ala á tortryggni gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum, sem litið er á sem óeskileg afskipti erlends valds í nafni þjóðernis og ríkiseiningar, án tillits til raunverulegra og áþreifanlegra hagsmuna borgaranna sjálfra, m.a. gagnvart eigin ríki.

Í öðru lagi má líta svo á að verið sé að vernda hagsmuni íslenskra handhafa ríkisvalds, þ.e. löggjafans, framkvæmdarvalds og dómstóla, sem eigi „rétt“ á því samkvæmt stjórnarskránni að sitja einir að völdum yfir borgurum sínum og þurfa ekki að deila þeim með erlendu eða alþjóðlegu valdi. Þessi fullveldishugmynd sver sig í ætt við hugmyndir Frakkans Jean Bodin (1530–1596) um fullveldi og rit hans *Six Livres de la République* (Sex bækur um ríkið) sem kom út árið 1576. Vangeta Frakkakonungs við að koma á lögum og reglu undir lok 16. aldar, m.a. vegna trúarbragðastyrjalda, var sett í samhengi við fullveldi (fr. *souveraineté*) konungs, sem einna helst merkir óskorað vald til að koma á lögum og reglu á tilteknu landsvæði og gagnvart því fólki sem þar býr. Í þessari hugmynd er ekkert skeytt um möguleg réttindi einstaklinga eða hópa sem reist yrðu á þeim sameiginlegu einkennum þeirra sem venjulega eru talin tengja saman þjóðir. Talið var nauðsynlegt að uppspretta valds væri aðeins hjá einum „fullvalda“ aðila. Kenning Bodin felur í sér að því er hafnað að þátttaka fjöldans gæti orðið grundvöllur að stjórn ríkisins.

Hugmyndir af þessu tagi eru á vissan hátt skyldar þeirri fullveldishugmynd sem ætla má að íslenska stjórnarskráin sé reist á, að því leyti að markmiðið með fullveldi var m.a. að tryggja Íslendingum sjálfum stjórn íslenskra málefna án afskipta erlends valds. Hún á aftur á móti lítið skylt við hagsmuni ríkis (lands, þjóðar og yfirvalda) sem sérstakrar einingar og gegnir því hlutverki fyrst og fremst að skjóta hugmyndafræðilegum stöðum undir tilkall til valda. Áhersla á þessa fullveldishugmynd leiðir af sér að við skýringu stjórnarskrárinnar um heimildir til framsals ríkisvalds sé aðallega tekið mið af stöðu þeirra sem fara með völd og rétti þeirra til að hafna því að deila þeim völdum með öðrum, en síður af raunverulegum hagsmunum og réttindum borgaranna og jafnvel rétti til að eiga úrlausn mála sinna undir öðrum en innlendum yfirvöldum ef svo ber undir.

Þessar tvær hliðar fullveldis sem raktar eru hafa þann ókost að fullveldið tekur ekki með beinum hætti mið af stöðu borgara hins fullvalda ríkis, óháð því hvernig



Hópur manna samankominn framan við stjórnarráðshúsið þegar fáni Íslands var dreginn að hún á fullveldisdaginn 1. desember 1918. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

yfirvöld í hinu fullvalda ríki skilgreina annars hagsmuni sína, m.a. með tilliti til þess hvort borgararnir búa við lýðræði og mannréttindi. Af þessu sprettur ákall um að fullveldi ríkis hafi þann tilgang fyrst og síðast að skapa stjórnskipulega umgjörð um almenna velferð og vernd einstaklingsbundinna réttinda borgaranna, þ.m.t. lýðræðislegra réttinda þeirra. Krafan er sú að í fullvalda ríki séu yfirvöld, þ.e. löggjafinn, framkvæmdarvaldið og dómstólar, þjónar fólksins en ekki annarra. Segja má að hugmyndir Íslendinga um fullveldi árið 1918 hafi meðal annars mótast af því að Íslendingar sjálfir væru best til þess fallnir að móta framtíð samfélagsins með hagsmuni og óskir borgaranna að leiðarljósi. Fullveldið er þar með ekki eingöngu lagalegt eða stjórn málafræðilegt hugtak, því sjálfstjórnin skyldi miða að því að Íslendingar tækju stjórn sinna mála í eigin hendur vegna þess að Íslendingum væri best treystandi til að stuðla að velferð þjóðarinnar, tryggja réttindi þeirra og rækta íslenska menningu. Fullveldi verður þannig í senn birtingarmynd hugmynda Íslendinga um hvernig ríkisvaldi verður beitt í þágu íslenskra borgara. Þetta skiptir máli þegar metnar eru í stjórnarskrá heimildir ríkisins til að deila valdheimildum með alþjóðlegum stofnunum á grundvelli EES-samningsins. Meginspurningin

verður þá hvort það feli í sér að réttindi einstaklinga séu tryggð og eftir atvikum jafnvel betur tryggð með því að fela alþjóðlegum stofnum úrlausnarvald en vera myndi ef alfarið væri um innlendar stofnanir að ræða. Reglur innri markaðarins eru fyrir fólkið og atvinnufyrirtækin, ekki fyrir ríkisvaldið. Skerðing fullveldis, að því marki sem um hana er að ræða, og markmiðið með því að fela alþjóðlegum stofnunum úrlausnarvald, er þá einmitt að styrkja réttindi og réttarstöðu einstaklinga og aðila í atvinnurekstri. Mögulega er alþjóðlegt úrlausnarvald þeim einmitt hafgellt og til þess fallið að veita þeim skjól fyrir tilraunum innlendra stjórnálamanna og yfirvalda til að beita fyrir sig þröngri skilgreiningu fullveldishugtaksins til að fara sínu fram, hvað sem líður réttindum einstaklinga og aðila í atvinnurekstri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum.

## VI

Á árinu 1918 þýddi fullveldi í hugum Íslendinga að þeir færu sjálfir með æðsta vald í öllum sínum málum (innra fullveldi) og ennfremur að önnur ríki viðurkenndu fullveldi landsins og rétt þess til að ráða eigin málum (ytra fullveldi). Þessi tvö kjarnaatriði í skilningi manna á fullveldi á þessum tíma féllu nokkuð vel að hinni lögfræðilegu (*de jure*)



skilgreiningu sem jafnan hefur verið lögð til grundvallar við mat á stjórnskipulegu gildi EES-samningsins, jafnframt því sem reikna má með að í þessu hafi falist áskilnaður um fullveldi *de facto*. En fullveldið verður ekki eingöngu skilið sem lagalegt og stjórn málafræðilegt hugtak heldur felst einnig í því sú trú Íslendinga að þeim sé best treystandi til að stuðla að velferð þjóðarinnar og rækta íslenska menningu. Fullveldi er þannig í senn birtingarmynd almannavalds sem og hugmynda Íslendinga um hvernig því verður beitt í þeirra þágu. Til að skýra þetta aðeins nánar má sem dæmi nefna að íslenska ríkið hefur í raun í málum tengdum framkvæmd EES-samningsins borið fyrir sig fullveldisréttindi sín til að neita einstaklingum, þ.m.t. launþegum, og aðilum í atvinnurekstri um réttindi sem þeim ber samkvæmt EES-samningnum, sbr. mál *Erlu Mariú*. Réttmætt er að hugleiða hvort eitthvað kunni að vera gallað við fullveldishugtak sem talið er leiða til þess að neita beri íslenskum borgurum um réttindi sem þeir skýrlega eiga samkvæmt þjóðréttarskuldbindingum.

Íslenska ríkið neytir fullveldisréttinda sinna m.a. með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, þar með í samstarfi Evrópuríkja, af frjálsum vilja. Þetta vill gleymast og ekki laust við að stjórn málamenn á stundum noti áskilnað um fullveldi landsins til að ala á tortryggni gagnvart alþjóðlegu samstarfi og talað er um slíkar skuldbindingar, einkum eins og þær birtast í EES-samningnum, eins og um sé að ræða yfirgang og afskipti erlends valds af innanlandsmálum Íslendinga. Breytir litlu þótt reglurnar í raun færi borgurinum, þ.m.t. launþegum, og íslenskum aðilum í atvinnurekstri, aðallega réttindi.

Samskiptin á innri markaðnum lúta reglum sem eiga sér rætur í samstarfi margra ríkja og sækja í reynd ekki beina löghelgan sína til þjóðríkisins. Hið fullvalda ríki er þannig í raun ekki eina uppspretta þess sem kalla má „stjórnskipulegt“ vald eins og hin hefðbundna fullveldishugmynd gerir ráð fyrir. Við þær aðstæður má það heita eðlilegt að gera ráð fyrir alþjóðlegum stofnunum sem hafa það hlutverk að standa vörð um hin lögvörðu réttindi sem einstaklingar og lögaðilar kunna að eiga óháð fullveldi ríkja. Þetta er á vissan hátt til þess fallið að grafa undan valdi þjóðríkja (ríkisheilda) og mögulega samstöðu um þá þætti sem venjulega eru taldir tengja saman þjóðir.

Skilningur ráðamanna á fullveldishugtakinu á hverjum tíma þarf að uppfylla væntingar og kröfur borgaranna um velferð og vernd réttinda þeirra með aðild að þjóðréttarsáttmálum og alþjóðlegum stofnunum sem hafa vald til að taka bindandi ákvarðanir, ef því er að skipta. Frá sjónarhóli borgaranna, sem byggja rétt sinn og jafnvel afkomu á að EES-reglurnar virki, skiptir mestu að þeir fái notið réttinda sinna samkvæmt EES-reglum. Krafa um fullveldi íslenska ríkisins er gerð til að standa vörð um að borgarar þess fái notið sinna réttinda. Ef ekki er unnt að finna þeirri vernd stoð innan óbreyttrar stjórnarskrár blasir við að breyta þarf þeirri stjórnarskrá þannig að hinu fullvalda íslenska ríki sé mögulegt að taka fullan þátt í EES-samstarfinu og tryggja með því réttindi eigin borgara.


Sjá einnig nánar eftir höfund þessarar greinar:

- Fullveldi. Margeygt og margarma kvikvendi. Í ritinu *Fullveldi í 99 ár*. Hið íslenska bókmenntafélag 2107.

- Fullveldi Íslands í samstarfi Evrópuríkja. Í ritinu *Frjálst og fullvalda ríki 1918-2018*. Sögufélag 2018.

# Juris

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
580 4400  
[www.juris.is](http://www.juris.is)



Andri Árnason, hrl.  
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.  
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.  
Halldór Jónsson, hrl.  
Lárus L. Blöndal, hrl.  
Sigurbjörn Magnússon, hrl.  
Simon David Knight, solicitor  
Stefán A. Svensson, hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.





# HVER ER TILGANGUR BIRTINGA DÓMA Á NETINU?

Lögmannafélag Íslands í samstarfi við Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og dómstólasýsluna efndu til hádegisverðarfundar miðvikudaginn 28. nóvember sl., þar sem fjallað var um drög að frumvarpi til laga um birtingu dóma og myndatökur í dómhúsum. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þá gagnrýni sem undanfarið hefur komið fram þess efnis að ekki sé nægilega gætt að sjónarmiðum og reglum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs við birtingu dóma á netinu. Fundurinn fór fram á Nauthól og var vel sóttur.

Fundurinn hófst á orðum Kristínar Haraldsdóttur, lektors við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar sem hún bauð gesti velkomna og reifaði tilefni fundarins. Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra, fjallaði því næst um aðdraganda frumvarpsins og ástæður þess að það er nú til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Ráðherra sagði nokkur tilvik hafa komið til kasta dómstóla sem sýndu að birting dóma og nafnbirting hafi valdið málsaðilum tjóni. Kallað hafi verið eftir samræmdum reglum um birtingu dóma og dómstólasýslan hafi í kjölfarið lagt til texta í frumvarpið sem dómsmálaráðuneytið vann með.

Að loknu ávarpi ráðherra héldu framsöguerindi þau Benedikt Bogason, Hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar, Sigurður Tómas Magnússon, Landsréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari og formaður DÍ, Berglind Svavarsdóttir, formaður LMFÍ, og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Benedikt fjallaði um tillögur frumvarpsins. Þær felast í því að settar verði samræmdar reglur um birtingu dóma, að

þeim málaflökkum þar sem héraðsdómar eru ekki birtir verði fjölgað og ef dómari í slíkum máli gangi til Landsréttar og Hæstaréttar verði niðurstaða æðri dóms eingöngu birt í formi reifunar, að í sakamálum verði ávallt nafnleynd, og að settar verði reglur um myndatökur í dómhúsum.

Sigurður Tómas fjallaði um áhrif nýrrar persónuverndar-löggjafar og sagði að vegna lögfestingar hennar biði löggjafans nú það mikilvæga verkefni að finna jafnvægi og málamiðlun á milli andstæðra sjónarmiða um opinbera málsmeðferð og sjónarmiða um persónuvernd. Ingibjörg kvaðst hins vegar telja umhugsunarverða þá fyrirætlan að draga úr upplýsingum sem almenningi væru veittar enda gæti slíkt sáð fræjum vantrausts. Þá kvaðst hún telja rétt að þær reifanir sem verði birtar séu samdar af dómáranum sjálfum og verði þannig hluti af niðurstöðu dómsins. Að lokum tók Ingibjörg fram að hún teldi varhugavert að afmá öll nöfn úr sakamálum. Sömu persónuverndarsjónarmið ættu ekki við þar og í einkamálum og að nöfn sakamanna ættu oft erindi við almenning.

## Reifanir og nafnleynd

Berglind fór yfir framkvæmdina í öðrum Norðurlöndum. Þar væri notast við reifanir þar sem allt væri undir nafnleynd. Hún sagði skiptar skoðanir vera um þetta meðal lögmanna og að laganefnd LMFÍ hefði skilað umsögn þar sem efast væri um að reifun væri heppileg útfærsla. Þá sagði hún að við vinnslu slíkrar reifunar yrði að vanda mjög til verka og að slík reifun yrði að geyma kröfugerð, málsástæður og forsendur. Helga tók síðust til máls og fjallaði um þau sjónarmið sem Persónuvernd horfir til í frumvarpinu.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)

VIÐTAL VIÐ ÞÓRUNNI GUÐMUNDSDÓTTUR  
HÆSTARÉTTARLÖGMANN:

# MIKILVÆGAST AÐ VERA HEIÐARLEG

Lögmannablaðið bankaði upp á hjá Þórunni Guðmundsdóttur, hæstaréttarlögmanni og fyrsta kvenkyns formanni LMFÍ, einn kaldan dag í nóvember. Þórunn tók vel á móti útsendurum blaðsins á heimili sínu í miðbænum.

„Ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð og ákvað að fara í lögfræðina eftir stúdentspróf. Faðir minn var lögmaður en ég vildi ekki viðurkenna að ég hefði valið lögfræðina vegna pabba, en auðvitað hafði það samt áhrif. Foreldrar okkar systkinanna þruggja hvöttu okkur og studdu til náms. Pabbi sagði við mig að ef ég ætlaði ekki að setta mig við að vera lægra launuð og í lægri stöðu en karlmennirnir í kringum mig, yrði ég að mennta mig og það myndi ekki duga mér að vera jafnvel menntuð og karlarnir, heldur yrði ég að vera með meiri og betri menntun. Ég ákvað að fara í lögfræði en var jafnframt ákveðin í því að reyna aðeins einu sinni, ef ég félli þá færi ég í íslensku eða sagnfræði. Svo náði ég „almennunni“ og eftir námið hér heima fór ég beint út í framhaldsnám.“

## **Býr alla tíð að náminu í Bandaríkjunum**

„Eftir að hyggja hefði kannski verið skynsamlegra að vera komin með einhverja starfsreynslu áður en ég fór út“, segir Þórunn en hún lauk LL.M. gráðu frá lagadeild Cornell háskólans í New York árið 1983. „Sá skóli er einn af þessum gömlu „Ivy League“ háskólum á austurströnd Bandaríkjanna, stofnaður árið 1865. Þetta var mikið ævintýri og rosaleg vinna en ég held að ég búi að því alla tíð að hafa gert þetta. Lagadeildin hér heima var bara eins og barnaafmæli í samanburði, vinnuálagið var svo mikið.“ Þórunn eignaðist góða vini þetta ár sitt í Bandaríkjunum og vinkona hennar frá Jóhannesarborg kom einmitt í heimsókn í sumar. „Við höfðum ekki hist í 35 ár en sá langi tími hvarf á fyrsta klukkutímanum. Það myndaðist sterk vinátta á milli okkar enda bjuggum við saman á stúdentagarði lagadeildarinnar, ásamt um 100 öðrum laganemum. Við bjuggum, lærðum og þjáðumst saman. Þriðja í hópnum var frá Panama og það kom sér vel þegar ég var að vinna í ýmsum málum eftir hrun og álitamál tengd svokölluðum Panamafélögum skutu upp kollinum. Þá var gott að geta bara hringt í gamla vinkonu sem starfaði á lögmannsstofu í Panama, þó ekki á Mossack Fonseca!“



Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður var með plan B ef ekki myndi ganga vel í „almennunni“. Örlögin urðu hins vegar þau að hún útskrifaðist úr lögfræði fimm árum síðar eða árið 1982, hélt til Bandaríkjanna, kom svo aftur heim og hefur starfað samfleytt í lögmennsku í 35 ár.



## Myndi velja lögmennskuna aftur

Ef þú værir að velja í dag, myndirðu velja lögfræðina? „Já, ég hugsa að ég myndi gera það, það er svo gaman að starfa sem lögmaður. Maður mætir í vinnuna og veit í rauninni ekkert hvernig dagurinn verður. Stundum er hann eins og ráðgert var, en svo kemur símtal sem þarf að bregðast við strax, fyrirtækið er að lenda í yfirtöku, eða Samkeppnis-efirlitið er mætt í húsleit. Það verða alls konar uppákomur í starfinu og maður fær skrýtin mál í hendurnar, sem því miður er ekki hægt að segja frá í blaði sem er eins vant að virðingu sinni og Lögmannablaðið.“

---

„EF ÉG ÆTLAÐI EKKI AÐ SÆTTA MIG VIÐ AÐ  
VERA LÆGRA LAUNUÐ OG Í LÆGRI STÖÐU EN  
KARLMENNIRNIR Í KRINGUM MIG, YRÐI ÉG AÐ  
MENNTA MIG OG ÞAÐ MYNDI EKKI DUGA MÉR  
AÐ VERA JAFNVEL MENNTUÐ OG KARLARNIR,  
HELDUR YRÐI ÉG AÐ VERA MEÐ MEIRI OG BETRI  
MENNTUN.“

---

Þórunn hefur smám saman minnkað við sig vinnu og er nú í 25-30% starfi. Hún hefur selt hlut sinn í lögmannsstofunni LEX, en starfar í ráðum og stjórnnum og er m.a. í prófnefnd lögmannanámskeiðanna og varaformaður bankaráðs Seðlabankans. „Ég segi stundum að ég sé í dagvist á LEX, en ég er með skrifstofu þar. Þar er alltaf eitthvað um að vera og alltaf jafn gaman að koma. Ég hef reyndar verið á sama stað í 35 ár og ég hef fylgst með stofunni stækka. Þegar ég byrjaði vorum við 6 lögmenn og núna erum við á milli 40 og 50.“

Aðspurð um hvað sé skemmtilegast við starfið eru það samskiptin við fólk og hún hrósar sínum vinnustað hvað það varðar. „Það er svo skemmtilegt fólk að vinna með mér og vinnustaðurinn hefur alla tíð verið algjörlega frábær. Mér finnst unga fólkið í stéttinni svo klárt og þeim er líka kennt öðruvísi. Hjá okkur voru bara fyrirlestrar í tímum og varla að það mætti spyrja kennarana og það var enginn praktísk kennsla. Mig minnir að það hafi verið tvö raunhæf verkefni öll fimm árin í námi. Ungu lögfræðingarnir sem nú eru að koma til starfa hjá LEX eru bara miklu betur undirbúnir fyrir starfið en við vorum.“

Hverjar voru mestu áskoranirnar í lögmennskunni? „Á tímabili var ég svolítið í hjónaskilnaðarmálum og erfðustu málin eru forsjárdeilurnar. Þetta eru svo sár mál og mannskepnan verður ljót og grimmt þegar hún notar

börnin í baráttu við fyrrverandi maka. Svo var alltaf gaman að fást við flókna samningagerð.“

## Svaraði tölvupósti á Kenýafjalli

Það er eins með lögmennskuna eins og önnur störf að tæknin hefur haft í för með sér miklar breytingar á verklagi. „Þegar ég byrjaði las maður allt inn á diktafón, öll bréf, stefnur og greinargerðir og svo skrifuðu ritarar upp. Eftir það fékk maður efnið til yfirlestrar og leiðrétti og þá var aftur skrifað upp. Nú gerir maður þetta allt sjálfur og aðal breytingin í þessu eins og öðru er tölvuvæðingin.“ Þórunn segir líka að landslagið í lögmennsku hafi breyst og með stærri stofum verði sérhæfingin meiri og eins er meira um að lögmenn vinni saman að verkefnum, eigendur og fulltrúar. „Að vísu fylgja síminn og tölvupósturinn manni hvert sem er. Ég gekk einu sinni á Kenýafjall. Það tekur nokkra daga að ganga á fjallið sem er 5000 metra hátt og þar sat ég og horfði yfir slétturnar og svaraði tölvupósti, sem er auðvitað hálf galið. Það er aldrei stundarfriður en á móti kemur að hér áður fyrr, þegar maður kom úr fríu, þá biðu staflarnir eftir manni. Núna er hægt að afgreiða mál jafn óðum og mér finnst það betra. Maður vandist því bara að vera aldrei í algjöru fríu og það truflaði mig ekki.“

## Fyrsti kvenformaður Lögmannafélagsins

Þórunn er heiðursfélagi í Lögmannafélagi Íslands og hún var einnig fyrsta konan sem var kosin formaður árið 1995 þegar um 90% félagsmanna voru karlmenn. „Það voru búin að vera mikil átök í félaginu og menn skiptust í tvær fylkingar og fyrir aðalfundinn 1995 var komið að máli við mig og ég beðin um að fara í framboð. Sá sem þá sat sem varaformaður í stjórn átti að vera framboð stjórnar til formanns. Ég ákvað að slá til, hugsaði sem svo að ég myndi þá bara falla með sæmd í kosningum. Þegar leið að fundinum ákvað varaformaðurinn hins vegar að draga framboð sitt til baka og ég var því sjálfkjörin þegar kom að sjálfum aðalfundinum. Á þeim tíma var það kannski ekki svo skrýtið að ég væri fyrsta konan, enda konur fáar í félaginu. Að það skyldu síðan líða yfir 20 ár þar til næsta kona tæki við keflinu er hins vegar undarlegt enda hefur konum fjölgað það mikið í félaginu“.

## Lét það ekki eftir þeim að sýna viðbrögð

Þórunn segist ekki hafa upplifað neikvæða hluti í störfum sínum á borð við þá sem hafa verið ræddir í tengslum við #Metoo-byltinguna en hún man þó eftir einu tilviki í byrjun starfsferils síns þar sem átti aldeilis að taka ungu stelpuna á taugum. „Ég var fulltrúi hjá sýslumanninum í Búðardal sumarið áður en ég fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna. Ég átti sem sýslumannsfulltrúi erindi á



lögglustöðina í Borgarnesi til að sækja einhverja krakka sem höfðu verið tekin fyrir ölvun við akstur í umdæmi lögreglunnar í Búðardal nóttina á undan. Það var engin fangaklefi í Búðardal, svo „delikventar“ úr Dölunum, sem þurftu að sofa úr sér, voru sendir í Borgarnes. Einhver bið var í Borgarnesi og mér var boðið að bíða á kaffistofunni og lögreglumennirnir spurðu hvort ég vildi ekki bara horfa á vídeó með þeim og dembdu síðan klámspólu í tækið! Hvað spólan var að gera á lögreglustöðinni í Borgarnesi veit ég ekki. Þeir fylgdust síðan spenntir með viðbrögðum mínum og ætluðu greinilega að ganga fram af mér. Ég hugsaði með mér að ég skyldi sko ekki láta það eftir þeim að sýna einhverja viðkvæmni fyrir þessu og sat sem fastast og horfði á myndina. En þetta var auðvitað bæði kjánaleg og óþroskuð framkoma hjá þessum lögreglumönnum. Þetta er eina tilvikið þar sem ég hef fundið fyrir að ég var kona í störfum mínum, nema að maður hafi verið svona blindur.“

### Heiðarleikinn borgar sig alltaf

Þórunn er í prófnefnd lögmannaámskeiðanna og segist alltaf leggja áherslu á það sama ef hún er beðin um að halda útskriftarræðuna. „Eitt af því sem ég bendi á er að vera heiðarlegur í starfi gagnvart sjálfum sér, kúnnanum, gagnaðila og dómstólum. Aldrei að stytta sér leið og ekki „fiffa“ hlutina. Það kemur alltaf í hausinn á manni. Svo verður maður að læra að sætta sig við að tapa málum, þau vinnast aldrei öll.“

---

„EITT AF ÞVÍ SEM ÉG BENDI Á ER AÐ VERA  
HEIÐARLEGUR GAGNVART SJÁLFUM SÉR,  
KÚNNANUM, GAGNAÐILA OG DÓMSTÓLUM.  
ALDREI AÐ STYTТА SÉR LEIÐ.“

---

### Er nú hlynnt kynjakvóta

Þórunn hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja og þegar fyrstu hugmyndir um kynjakvóta voru uppi var hún alfarið á móti slíku fyrirkomulagi. „Ég var á móti lagasetningunni um kynjakvóta, mér fannst fráleitt að velja fólk í stjórnir út frá kyni og mér fannst þetta lítillækkandi fyrir konur. Það má nefna sem dæmi að strax eftir að lögín voru sett þá var hringt í mig því það vantaði konu í stjórn og ég hafnaði boði um stjórnarsetu, ég væri á móti þessum lögum og vildi ekki taka sæti bara af því ég væri kona. En ég hef heldur betur skipt um skoðun. Ég tel þessa lagasetningu hafa verið til mikilla bóta. Fyrirtækjameningin hefur breyst því konur hugsa og gera hlutina öðruvísi. Við erum ekki eins áhættusæknar og ég held að það þurfi konur til að vera dálítið á bremsunni. Fyrir utan það að það hafa margar mjög færar konur komið fram á sjónarsviðið sem stjórnendur og sennilega hefði það tekið fyrirtækin lengri tíma að uppgötva þær, ef ekki hefði verið fyrir kynjakvótann.“



## Útivist og listaverk

Útivist og fjallgöngur voru aðaláhugamál Þórunnar áður en hún veiktist af MS-sjúkdómnum og gekk hún á fjöll og jökla bæði innanlands og erlendis. „Helgi Jóhannesson, samstarfsfélagi minn á LEX til 30 ára, spurði mig stundum af hverju ég væri að ganga á fjöll eins og hver önnur sauðkind,“ segir hún og hlær. „Hann hefur reyndar skipt um skoðun á þessu hin seinni ár og er illa haldinn af fjallabakteríunni sjálfur.“

Áður en Þórunn lagði gönguskóna á hilluna var hún komin í háfjallamennsku. Á einu ári kleif hún þrjú háfjöll í Afríku; Kilimanjaró í Tansaníu, sem er hæsta fjall í Afríku eða 5896 metrar, Kenýafjall, sem er næsthæsta fjall Afríku og um 5000 metrar, og Jebel Toubkal í Marokkó, sem er hæsta fjall í Norður-Afríku eða 4167 metrar. „Maður tekur þessum sjúkdómi eins og hverju öðru hundsbíti og aðlagar sig bara. Það hefur hver sinn djöful að draga. Í dag er ég í mikilli líkamsrækt og æfi þrisvar í viku. Ég hef verið með sama þjálfarann, Jón Ívar Ólafsson í World Class, í 16 ár

sem verður að teljast dágott samstarf. Það er ótrúlegt að hann skuli hafa þolað mig allan þennan tíma.“

Þórunn er líka mikill listunnandi og á heimili hennar eru fjölmörg verk eftir íslenska listamenn sem hún hefur viðað að sér í gegnum tíðina. „Ég kaupi bara það sem mér finnst fallett. Ég er ekki í markvissri söfnun.“

Að lokum segir Þórunn að það verði alltaf dýrmætara að eiga gæðastundir með manninum sínum, fjölskyldu og vinum og að hún hafi í nægu að snúast þar enda í nokkrum góðum vinahópum sem hittast misreglulega. „Svo á ég fullt af ættingjum, sem ég vil umgangast og vilja umgangast mig! Það er enginn sem segir í banalegunni að hann eða hún sjái mest eftir því í lífinu að hafa ekki eytt meiri tíma í vinnunni. Þá er betra að hafa eytt fleiri stundum með góðu fólki.“

Eva Halldórsdóttir og Marín Guðrún Hrafnisdóttir



**LR** Lögfræðistofa Reykjavíkur



# RÉTTARFARSSEKTIR VERJENDA

DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR

Nýlega kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp dóm er varðaði réttarfarsspekt tveggja íslenskra lögmannna, Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall. Til upprifjunar voru málavextir eftirfarandi:

Lögmennirnir höfðu verið skipaðir verjendur tveggja manna sem ákærðir voru í sakamáli. Áður en aðalmeðferð málsins átti að fara fram rituðu þeir héraðsdómara bréf þar sem því var lýst yfir að þeir myndu ekki sinna frekari verjendastörfum í málinu þar sem þeir teldu að brotið hefði verið gegn rétti skjólstæðinga þeirra til réttlátrar málsmeðferðar. Óskuðu þeir eftir því að verða þegar í stað leystir undan starfanum, en þeirri beiðni synjaði héraðsdómari. Er aðalmeðferð átti að fara fram mættu verjendurnir ekki til þinghalds og voru þeir því leystir frá verjendastörfum í málinu og skjólstæðingum þeirra skipaðir nýir verjendur. Þegar dómur féll í sakamálinu voru lögmennirnir dæmdir til að greiða 1.000.000 krónur hvor um sig í sekt til ríkissjóðs. Dómurinn var kveðinn upp að þeim fjarstöddum og án þess að þeim hefði verið tilkynnt um að til greina kæmi að gera þeim réttarfarsspekt. Lögmennirnir töldu sig ekki hafa notið réttlátrar málsmeðferðar þar sem þeim hefði annars vegar ekki verið gefinn kostur á að halda uppi vörnum áður en þeim var ákvörðuð sektin og hins vegar að þeir hefðu haft réttmætar ástæður til þess að segja sig frá verjendastörfum í málinu.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2014 sagði m.a. að lögmönnunum hefði borið að mæta til þings við aðalmeðferð málsins og eftir atvikum viðhafa andmæli við málsmeðferðina. Hefði háttsemi þeirra hvorki verið í þágu skjólstæðinga þeirra né annarra ákærðu auk þess sem yfirlýsingar þeirra um að þeir létu af verjendastörfum hefðu falið í sér gróft brot á starfskyldum þeirra sem verjendur

---

HÆSTIRÉTTUR (BÆÐI MEIRI- OG MINNIHLUTI)  
TALDI AÐ LÖGMÖNNUNUM HEFÐI VERIÐ  
ÓHEIMILT AÐ MÆTA EKKI TIL AÐALMEÐFERÐAR  
FYRIR HÉRAÐSDÓMI OG AÐ MEÐ ÞVÍ HEFÐU  
PEIR BROTIÐ GEGN SKYLDU SINNI TIL ÞESS AÐ  
TAKA AÐ SÉR OG SINNA VERJENDASTÖRFUM.

---

í sakamáli. Hæstiréttur tók þó fram að þegar til álita hefði komið hjá héraðsdómara að beita verjendurnar réttarfarsspekt hefði verið rétt að boða þá til sérstaks þinghalds og gefa þeim kost á að reifa sjónarmið sín. Þrátt fyrir það, og þrátt fyrir að sekt þeirra teldist refsing, sagði Hæstiréttur að réttur lögmanna til þess að halda uppi vörnum á áfrýjunarstigi af þessu tilefni sætti að lögum engum takmörkunum og þar hefðu þeir getað komið að öllum sjónarmiðum sínum við munnlegan flutnings málsins, eftir atvikum með því að þeir og vitni gæfu skýrslur fyrir dómi. Samkvæmt því fullnægði málsmeðferðin að mati Hæstaréttar ákvæðum laga og braut ekki í bága við regluna um réttláta málsmeðferð. Því hefði það ekki horft lögmönnunum til réttarspjalla þótt sérstakur málflutningur hefði ekki farið fram í héraði, áður en þeim var gerð réttarfarsspekt. Þess ber þó að geta að í sératkvæði tveggja dómara af fimm var talið að brotið hefði verið gegn réttlátri málsmeðferð.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. október 2018 (mál nr. 68273/14 og 68271/14) var niðurstaðan í meginatriðum í samræmi við afstöðu meirihluta Hæstaréttar. Mannréttindadómstóllinn taldi að þegar litið væri á málsmeðferðina í heild sinni hefði hún ekki brotið gegn 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Dómstóllinn leit

svo á að refsing sem dæmd væri án aðkomu hins dæmda teldist ekki þegar af þeirri ástæðu óréttmæt málsmeðferð. Mikilvægt væri hvort hinn dæmdi gæti í kjölfarið fengið dóm til þess að meta málið heildstætt bæði hvað varðaði málsatvik og lagarök. Áfrýjunarferlið og málsmeðferð fyrir Hæstarétti hefði veitt lögmönnunum slíkt tækifæri enda væri þar gefinn kostur á því að fjalla um öll atriði málsins, munnlegur málflutningur færi fram og einnig væri heimilt að taka skýrslur. Engin takmörk hefðu þannig verið á málsmeðferðinni og heimildum Hæstaréttar til þess að taka málið til endurskoðunar að öllu leyti.

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins um málsmeðferð og mögulega málsmeðferð í Hæstarétti er áhugaverð. Í niðurstöðuna vantar þó sárlega umfjöllun um rétt til þess að fá úrlausn máls á tveimur dómstigum en ekki var efnislega fjallað um réttinn til áfrýjunar þar sem ekki hafði reynt á slíkt í málinu fyrir íslensku dómstólunum. Fyrir lögmenn er þó ekki síður áhugavert að skoða málið í ljósi skyldna verjenda. Sá þáttur málsins kom ekki til skoðunar hjá Mannréttindadómstólunum að öðru leyti en því að hann gerði ekki athugasemd við þá afstöðu Hæstaréttar Íslands að sektin teldist refsing. Hvað varðar tilefni sektarinnar og þar með skyldur verjenda er því einungis að finna leiðbeiningar í dómi Hæstaréttar.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1998 er lögmanni skylt að taka við skipun eða tilnefningu sem verjandi eða réttargæslumaður í sakamáli, enda fullnægi hann til þess hæfiskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns. Lögmanni er aftur á móti ekki skylt að taka að sér einkamál.

Ástæður verjendanna fyrir því að segja sig frá málinu voru í meginatriðum þær að ákærvaldinu hefði verið heimilað að leggja fram skýrslu rannsakenda sem væri skriflegur málflutningur. Ákærvaldið hefði takmarkað aðgang verjenda að fjölmörgum tölvugögnum og skjölum sem þýðingu kynnu að hafa og jafnframt komist upp með að ákveða sjálft hvaða gögn yrðu lögð fram. Við rannsókn málsins hefði sérstakur saksóknari virt reglur um trúnað að vettugi með því að hlera og vista símtöl milli verjanda og sakbornings. Eftir að aðalmeðferð hefði verið ákveðin hefði ákærvaldið lagt fram fjölmörg ný gögn sem verjendur höfðu ekki áður haft aðgang að. Hefðu þau gögn meðal annars gefið til kynna breytingar á málátilbúnaði ákærvaldsins. Í þinghaldinu hefði ákærvaldið einnig látið bóka um að lykilvitni búsett erlendis, sem ákærvaldið

hefði áður boðað að leidd yrðu fyrir dóm, myndu ekki gefa skýrslur.

Af þessum sökum lýstu lögmennirnir því að þeir teldu sér ekki fært að sinna hlutverki verjenda enda myndu þeir með áframhaldandi þátttöku í réttarhöldum ljá málsmeðferðinni það yfirbragð að réttindi sakbornings hefðu verið virt. Svo gróflega hefði verið brotið gegn lögvörðum réttindum sakborninga að þeir sæju sig knúna til þess að segja sig frá verjendastörfunum. Fram kom að þeir hefðu kynnt skjólstæðingum sínum þessa afstöðu og þeir samþykkt óskir lögmanna um að láta af störfum.

Hæstiréttur (bæði meiri- og minnihluti) taldi að lögmönnunum hefði verið óheimilt að mæta ekki til aðalmeðferðar fyrir héraðsdómi og að með því hefðu þeir brotið gegn skyldu sinni til þess að taka að sér og sinna verjendastörfum. Virðist þar einungis hafa reynt á ákvæði lögmanna laga en ekki var fjallað um álitafnið út frá öðrum lagarökum og sjónarmiðum, eins og t.d. atvinnufrelsi. Verður því ekki farið nánar út í slíkar hugleiðingar hér en þær gætu örugglega átt rétt á sér. Dómur Hæstaréttar er afdráttarlaus um að lögmenn mega ekki segja af sér verjandastörfum af samviskuástæðum eða í mótmælaskyni við málsmeðferð sem þeir telja ólögmæta. Ber verjendum þess í stað skylda til að halda starfi sínu áfram og koma mótmælum sínum að við meðferð sakamálsins.

Hæstiréttur einblíndi á skyldu verjenda til þess að sinna starfi sínu en fjallaði ekki um réttindi sakborninga sem eru nátengd. Burtséð frá skyldum verjenda er væntanlega ekki draumastaða sakbornings að hafa verjanda sem vill ekki sinna því hlutverki. Má enda líta til þess að sakborningar verjendanna höfðu fallist á að þeir hættu störfum. Til samanburðar er rétt að skoða aðstöðuna þegar sakborningur vill skipta um verjanda og hefur að því frumkvæði. Auðvitað eiga aðeins önnur sjónarmið við um slíkt en dómstólar virðast þó oftast taka slíkum beiðnum athugasemdalaust. Má nefna nýlegt dæmi í stóru sakamáli þar sem sakborningur skipti um verjanda eftir málsmeðferðina fyrir héraðsdómi og þegar einungis nokkrir dagar voru til greinargerðarskila í Landsrétti. Nýr lögmaður þurfti þá að setja sig inn í málið með tilheyrandi töfum.

Eins og áður segir lagði Hæstiréttur mikla áherslu á skyldur verjenda samkvæmt lögum um lögmenn og um meðferð sakamála. Er athyglisvert að bera niðurstöður dómsins, um skyldur verjanda og einnig um fullnægjandi

málsmeðferð, saman við annan dóm þar sem verjanda var gerð réttarfarssekt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 710/2012 var tekin til úrlausnar kæra vegna úrskurðar um gæsluvarðhald. Með dómi Hæstaréttar var hinn kærði úrskurður staðfestur en að auki var verjanda gert að greiða 100.000 kr. í réttarfarssekt. Sakborningurinn hafði framið alvarlega líkamsárás og verið úrskurðaður ítrekað í gæsluvarðhald sem Hæstiréttur hafði staðfest alls fimm sinnum. Gæsluvarðhaldið var byggt á því að sterkur grunur léki á því að sakborningurinn hefði framið afbrot sem varðað gæti 10 ára fangelsi og dregin yrði sú ályktun af sakargiftum að maðurinn væri hættulegur umhverfi sínu yrði hann látinn laus. Í fimmta dóminum þar sem gæsluvarðhald var staðfest tók Hæstiréttur fram að sakborningurinn (og þar með verjandinn) hefði hvorki við meðferð málsins í héraði né fyrir Hæstarétti bent á nein ný atvik sem gerst hefðu frá því að dómur í fjórða málinu var kveðinn upp, sem réttlætt gæti að hinum kærða úrskurði yrði skotið til Hæstaréttar. Að mati réttarins hefði kæran því verið með öllu að ófyrirsynju. Í því máli sem hér er til umfjöllunar var enn á ný verið að kæra gæsluvarðhald yfir manninum, þ.e. í sjötta sinn. Í niðurstöðu Hæstaréttar var framangreind forsaga þess rakin og svo sagði orðrétt í dóminum:

„Þrátt fyrir þetta hefur úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds til Hæstaréttar enn á ný verið kærður af hálfu varnaraðila án þess að í greinargerð verjanda hans sé að finna nokkra ástæðu til slíks málskots að undangengnum áðurnefndum dómum Hæstaréttar. Er kæra úrskurðarins því algjörlega tilefnislaus og verður verjanda varnaraðila því gert að greiða 100.000 krónur í sekt í ríkissjóð samkvæmt 5. mgr. 223. gr. laga nr. 88/2008.“

Hvað sem manni kann að finnast um líkur þess að úrskurðinum yrði snúið við í Hæstarétti þá var skjólstæðingurinn þrátt fyrir allt í fangelsi án þess að hafa hlotið efnisdóm um afbrot sitt. Spyrja má hvað verjandinn eigi að gera ef skjólstæðingur hans er úrskurðaður í sex gæsluvarðhöld og óskar ávallt eftir því að þau verði kærð. Hefði verið rétt af verjandanum að neita því að kæra? Ekkert liggur fyrir um að kæran hafi verið í andstöðu við óskir sakborningsins. Það má því segja að í málinu hafi lögmaður verið dæmdur til þess að greiða réttarfarssekt fyrir það eitt að gæta hagsmuna skjólstæðings síns. Þrátt fyrir að vissulega hafi verið ólíklegt að niðurstöðunni yrði hrundið þá er varla hægt að halda því fram að kæra á úrskurði um frelsissviptingu teljist tilefnislaus.

Kröfur dómstóla til málsmeðferðar í þessu máli virðast alls ekki þær sömu og í máli þeirra Gests og Ragnars. Í máli hinna síðarnefndu sló Hæstiréttur því föstu að verjendurnir hefðu brotið gegn skyldum sínum sem verjendur en þó ættu þeir að sjálfsögðu rétt á því að fá réttláta málsmeðferð þegar þeim væri dæmd sekt. Tók Hæstiréttur sérstaklega til skoðunar hvort nægilegt hefði verið að málsmeðferð hefði einungis farið fram í Hæstarétti og taldi svo vera enda hefðu lögmenirnir getað komið að öllum sjónarmiðum við málsmeðferðina þar. Í málinu þar sem gæsluvarðhaldið var kært verður í fyrsta lagi ekki séð að verjandinn hafi brotið skyldur sínar sem verjandi. Þá virðist engin málsmeðferð hafa farið fram um réttarfarssektina og verjandinn hefur að öllum líkindum ekki vitað af því að hún kæmi til álita fyrr en hún var lögð á hann með fyrsta og endanlegum dómi Hæstaréttar.

SÍ

SPÆNSK - ÍSLENSKA  
ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN EHF

Löggiltar skjalapýðingar  
úr spænsku á íslensku  
og túlkanir fyrir dómi.  
Mikil reynsla.

Gerður Gestsdóttir

löggiltur skjalapýðandi úr  
spænsku á íslensku og túlkur

sími 823-0767 spaenskislenska@gmail.com



# PENINGA- ÞVÆTTI KEMUR LÖGMÖNNUM VIÐ



ALDÍS BJARNADÓTTIR OG  
ANNA RAGNHILDUR HALLDÓRSDÓTTIR

Með *peningaþvætti* er almennt átt við það þegar reynt er að hylja uppruna fjármuna, sem aflað er með refsiverðum hætti, svo fjármunanna virðist hafa verið aflað á lögmætan hátt og nota megi þá í löglegum viðskiptum án grunsemda. Þannig vilja brotamenn sem hagnast hafa t.d. á fíkniefnasölu, ránastarfsemi, vændi, mansali eða fjársvikum finna leiðir til að þvætta hagnaðinn þannig að uppruni hans verði ekki augljós og þeir geti notað hagnaðinn í hefðbundnum viðskiptum í hinu löglega fjármálakerfi.

Skilgreiningu hugtaksins er að finna í 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka [Hér eftir þpl]: Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Einnig þegar hann umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum. Verknaðurinn er svo lýstur refsinsæmur í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 [Hér eftir hgl.].

## Lögmenn þekki skyldur sínar

Peningaþvætti kann helst að varða lögmenn á tvo vegu. Annars vegar þurfa þeir að vera meðvitaðir um hættuna á því að gerast beinlínis sjálfir sekir um peningaþvætti, svo sem með því að taka við greiðslum fyrir veitta

lögmannsþjónustu, eða með því að taka við fjármunum í eigu umbjóðanda til varðveislu á fjárvörslureikningi, þegar uppruni fjármunanna er ávinningur af lögbroti skjólstaðings (eða annars aðila). Í þessu samhengi er vert að taka fram að með *ávinningsi* er þó ekki eingöngu vísað til reiðufjár eða annars konar hefðbundinna greiðslumiðla, heldur hvers kyns hagnaðar og eignar, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjala sem ætlað er að tryggja réttthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár, fasteigna, bifreiða og listaverka. Með aðstoð við sölu fasteignar, sem umbjóðandi hefur eignast á ólögmætan hátt, gæti lögmaður þannig gerst sekur um peningaþvætti samkvæmt verknaðarlýsingu hgl. (gáleysi dugar til, skv. 4. mgr. 264. gr. hgl., en refsiramminn þrengist verulega frá þeim sem er settur í 1. mgr., vegna ásetningsbrota).

Hins vegar verða lögmenn að þekkja þær skyldur sem sérstaklega eru á þá lagðar í peningaþvættislögum. Lýtur grein þessi einkum að þeim skyldum, auk þess að víkja að þeim breytingum helstum sem gera má ráð fyrir að verði þar á, með nýjum lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en frumvarp til þeirra hefur verið lagt fram á þingi og ráðgert er að ný lög taki gildi í ársbyrjun 2019.

Samkvæmt gildandi lögum, f-lið 1. tl. 1. mgr. 2. gr., falla lögmenn og aðrir lögfræðingar undir gildissvið laganna í þeim tilvikum sem þar eru upp talin, þ.e. annars vegar þegar þeir *sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum* og hins vegar

þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum aðilum. Þannig teljast lögmenn og aðrir lögfræðingar, í þessum tilvikum, til tilkynningarskyldra aðila, en í þann hóp falla þeir aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. pþl. Þar með kviknar skyldan til að uppfylla allar sömu kröfur og pþl. gera til annarra tilkynningarskyldra aðila, svo sem fjármálafyrirtækja, þegar við á.

Skyldur tilkynningarskyldra aðila lúta einkum að því að kynnast umbjóðendum sínum með því að framkvæma á þeim áreiðanleikakönnun og staðreyna deili á þeim, áður en samningssamband við þá stofnast, og reglubundnu eftirliti með samningssambandinu eftir það, sbr. II. og III. kafla laganna. Með því að uppfylla þær skyldur aukast líkurnar á að tilkynningarskyldir aðilar geti uppfyllt grundvallarskyldu sína skv. pþl., þ.e. að tilkynna um grunsamleg viðskipti til lögreglu, skv. V. kafla laganna. Þannig ber lögmönnum og lögfræðingum, skv. 1. mgr. 17. gr. pþl., að tilkynna til lögreglu um öll þau viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptavinar eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.

### **Starfsemi lögmanna útsett fyrir peningabætti**

En hvernig getur tilkynningarskyldan farið saman við þagnarskyldu lögmanna? Er eðlilegt að gera þá kröfu til lögmanna að þeir séu svo gagnrýnir á umbjóðendum sína og afli sér t.a.m. upplýsinga um uppruna fjármuna sem þeim eru faldir til varðveislu og tilkynni til lögreglu ef einhver grunur vaknar um ólögmætan uppruna fjármuna? Þetta eru eðlilegar spurningar, en staðreyndin er sú að starfsemi tilkynningarskyldra aðila, þ.m.t. lögmanna, er svo útsett fyrir tilraunum til peningabættis að nauðsynlegt þykir að víkja þagnarskyldunni til hliðar í fyrrgreindum tilfellum. Markmiðið er augljóst og mikilvægt hagsmunamál á alþjóðavísu, þ.e. að torvelða brotámönnum að nýta sér ágóða af brotastarfsemi og þar með draga úr hvatanum til að leggja út í slíka starfsemi.

Þrátt fyrir ofangreint er tilkynningarskyldunni þó vikið til hliðar við athugun lögmanna á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir þeirra hönd í

dómsmáli eða í tengslum við dómsmál, sbr. 4. mgr. 17. gr. pþl. Undanþágan á þó ekki við ef lögmaðurinn tekur þátt í peningabættinu, ef hin lögfræðilega ráðgjöf er veitt í þeim tilgangi að þvætta peninga eða ef lögmaðurinn veit að skjólstæðingur hans leitar eftir lögfræðilegri ráðgjöf í þeim tilgangi að þvætta peninga.

Lögmannafélag Íslands hefur sett leiðbeinandi reglur fyrir lögmenn um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem hafa að geyma lágmarksviðmið þau sem félagið telur að félagsmenn ættu að setja í starfsemi sinni og lúta að helstu skyldum lögmanna skv. pþl. Ekkert eftirlit hefur hins verið með því að lögmenn uppfylli þær skyldur, umfram það eftirlit sem LMFÍ gerir ráð fyrir að eigendur lögmannsstofa viðhafi, skv. hinum leiðbeinandi reglum. Ástæðan er einföld, – löggjafinn hefur ekki skilgreint hver skuli fara með eftirlitið. Úr því verður bætt með nýjum lögum, en skv. frumvarpi til þeirra er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri fari með það eftirlit. Var þetta eitt af þeim atriðum sem hinn alþjóðlegi framkvæmdahópur FATF (e. Financial Action Task Force) gerði athugasemd við með útgáfu skýrslu um úttekt á vörnum Íslands gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

---

EDLI STARFSINS VEGNA ER HÆTT VIÐ AÐ  
ÞJÓNUSTA LÖGMANNA SÉ MISNOTUÐ TIL AÐ  
ÞVÆTTA FJÁRMUNI. AÐ SAMA SKAPI ERU  
LÖGMENN Í KJÖRAÐSTÖÐU TIL AÐ KOMA Í VEG  
FYRIR AÐ ÞAÐ GERIST.

---

Í frumvarpi til nýrra pþl. er gert er ráð fyrir að skipaður verði stýrihópur sem mun leiða og samræma þær aðgerðir sem grípa þarf til vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Er hópnum ætlað að vera samráðsvettvangur þeirra stjórnvalda sem aðkomu hafa að málaflökknum. Hópnum eru ætluð fjölmörg verkefni en m.a. er gert ráð fyrir að hann gefi út leiðbeiningar, sinni fræðslu og hafi reglulegt samráð, hvort sem er við opinbera aðila eða tilkynningarskylda aðila. Ekki er gert ráð fyrir að LMFÍ eigi sinn fulltrúa í stýrihópnum, þrátt fyrir að félagið hafi fyrr á árinu sent dómsmálaráðherra áskorun þess efnis.

Nú þegar má sjá á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins upplýsingar um fræðsluefni en tveir bæklingar voru gefnir út í nóvember sl. sem vert er að kynna sér. Þá kemur einnig fram að verið er að undirbúa fræðslufundi með



tilkynningarskyldum aðilum en fyrirhugað er að halda fundina í janúar 2019.

### „Gatekeepers“

Eru ekki örugglega allir lögmenn byrjaðir að skjalfesta áhættumat á rekstrinum? Nei, kannski ekki. En sú skylda er lögð á alla tilkynningarskylda aðila með fyrrgreindu frumvarpi að þeir geri áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Einnig er mælt fyrir að umfang áreiðanleikakönnunar sé byggt á áhættumati hverju sinni. Þó skal tekið fram að eftirlitsaðilar mega veita undaþágu frá þessum skyldum, ef sýnt er fram á að tiltekin starfsemi eða viðskipti séu þess eðlis að áhættuþættir séu skýrir og þekktir, og viðeigandi ráðstafanir til að draga úr mögulegri áhættu til staðar. Má því ætla að í.p.m. stærri lögmennsstofur muni þurfa að fara í þá vinnu, fljótlega á nýju ári, að skjalfesta slíkt áhættumat.

Eðli starfsins vegna er hætt við að þjónusta lögmanna sé misnotuð til að þvætta fjármuni. Að sama skapi eru lögmenn í kjörastöðu til að koma í veg fyrir að það gerist. Af þessum sökum eru þeir almennt þekktir sem eins konar varðhundar (e. „gatekeepers“) hvað varðar varnir gegn peningaþvætti – á sama tíma og þeir eru taldir í áhættumeiri hópi, en

almennt er þegar kemur að hættu á peningaþvætti. Þannig er vitað að færst hefur í aukana úti í hinum stóra heimi að lögmenn veiti ólöglegum viðskiptum skjól með því t.a.m. að gerast forsvarsmenn fyrirtækja í vafasömum rekstri. Þar sem með nýjum pþl. er gert ráð fyrir að áreiðanleikakönnun taki mið af áhættumati á viðskiptavinum mega lögmenn því eiga von á því að þurfa í einhverjum tilvikum að undirgangast aukna áreiðanleikakönnun, s.s. svara fleiri spurningum og leggja fram fleiri gögn, í viðskiptum sínum við fjármálastofnanir, en áður.

En til hvers að eyða dýrmætum tíma og vinnu í eitthvað sem skapar engar tekjur? Við gætum nefnt fjölmargar ástæður, en í XII. kafla frumvarps til nýrra pþl. er að finna ný og nokkuð ítarleg ákvæði um þvingunarúrræði og viðurlög. Mælt er m.a. fyrir um dagssektir og stjórnvaldssektir en sektirnar geta numið frá 500 þúsund kr. til 500 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að leggja megi stjórnvaldssektir á starfsmenn tilkynningarskyldra aðila sem geta numið frá 100 þúsund kr. til 125 millj. kr. Nánar er farið yfir þau atriði sem eftirlitsaðilar skulu líta til við ákvörðun stjórnvaldssektar en mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar, líkt og lögmenn, séu vel upplýstir um sínar skyldur skv. nýjum pþl. Því þessi breyting verður að teljast fremur umfangsmikil og setja talsverða ábyrgð á herðar lögmönnum. Því er ljóst að einna mikilvægasta verkefnið, sem framundan er, verður að fræða starfsmenn reglulega um þessar skyldur. Skyldur sem, þegar öllu er á botninn hvolft, falla vel að því hlutverki lögmanna að vera þjónar réttlætis – ekki eingöngu eigin umbjóðenda, heldur samfélagsins alls.

Höfundar eru staðgenglar ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf.

## Lúðvík Emil Kaaber

Lögfræðingur og löggiltur skjalaþýðandi í íslensku og ensku  
Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmenn,  
fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmennstörfum.

Sími 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is

Vakin er athygli á breyttu netfangi og viðbótarsímanúmeri eftir 1. janúar:

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@smart.is



# Gleðileg jól, farsælt komandi ár



## REYKJAVÍK

**Arctica Finance hf.**  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

**ÁH lögmenn slf.**  
Vættaborgum 144  
112 Reykjavík

**Bonafide lögmenn og ráðgjöf sf.**  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík

**Bótaréttur lögmennsstofa, innheimta  
slysa- og skaðabóta**  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

**Draupnir lögmennsþjónusta ehf.**  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík

**E. Sigurjónsson lögmennsstofa ehf.**  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

**Íslenska lögfræðistofan**  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

**Íslög - lögmennsstofa**  
Ránargötu 18  
101 Reykjavík

**JA Lögmenn ehf.**  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík

**Juralis, lögmennsstofa  
Sveinn Guðmundsson hrl.  
Ingi Freyr Ágústsson hdl.  
Leó Daðason hdl.**  
Suðurlandsbraut 20  
108 Reykjavík

**LAG-Lögmenn sf.**  
Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

**Lagadeild Háskóla Íslands**  
Lögbergi  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

**Lausnir lögmennsstofa**  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík

**Lex ehf.**  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

**LOG lögmennsstofa sf.**  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

**Lög og innheimta ehf.**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

**Lögfræðiþjónusta  
Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík

**NORDIK lögfræðiþjónusta slf.**  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

**ÓK Lögmenn slf.**  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

**Sigurður I. Halldórsson hdl.**  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík

**Sigurjónsson & Thor ehf.**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Sveiney ehf.**  
Granaskjólí 90  
107 Reykjavík

**Valva lögmenn slf.**  
Túngötu 14  
101 Reykjavík

**Veritas lögmenn slf.**  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík

**Vík lögmennsstofa ehf.**  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík

## KÓPAVOGUR

**Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar  
og Fasteignasala Kópavogs**  
Hamraborg 14a  
200 Kópavogi

## HAFNARFJÖRÐUR

**Lögmenn Thorsplani sf.**  
Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfirði

## STYKKISHÓLMUR


**Málflutningsstofa Snæfellsness**  
Aðalgötu 24  
340 Stykkishólmi

# FÆRRI ÖÐLAST MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI

Þann 23. nóvember s.l. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómstólum, en um var að ræða seinna námskeiðið af tveimur sem haldið var á árinu 2018.

Á nýafstöðnu námskeiði þreyttu 15 lögfræðingar próf á fyrri hluta námskeiðsins, í fyrsta sinn, en aðeins 4 þeirra luku prófrauninni með fullnægjandi árangri eða 26,7%. Einnig stóðust 12 þeirra 18 þátttakenda sem skráðir voru í endurtektarpróf fyrir hluta námskeiðsins eða 66,7%. Af þeim 16 þátttakendum sem skráðir voru á síðari hluta námskeiðsins náðu 14 tilskyldum árangri, 10 karlar og 4 konur.

Á fyrra réttindanámskeiði ársins 2018 útskrifuðust 23 þátttakendur, 15 karlar og 8 konur. Á þessu ári hafa því alls 37 lögfræðingar lokið prófraun til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómstólum, 25 karlar og 12 konur. Hlutfall kvenkyns þátttakenda var það næst lægsta frá því núverandi



Grafið sýnir kynjahlutfall þátttakenda á námskeiði til öflunar málflutningsréttinda á árabílinu 2000 – 2018.

kerfi réttindaöflunar tók gildi árið 2000. Lægst fór hlutfallið í 28,8% árið 2009 en hæst fór það í 66% árið 2016. Sé hlutfall kynjanna skoðað heildstætt má sjá að það er tiltölulega jafnt, en af þeim 1079 lögfræðingum sem lokið hafa öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum, í núgildandi kerfi, eru 583 karlar eða 54% af heildarfjölda á móti 496 konum eða 46%.

Grafið sýnir kynjahlutfall þátttakenda á námskeiði til öflunar málflutningsréttinda á árabílinu 2000 – 2018.

Við skoðun á tölulegum upplýsingum um fjölda þátttakenda vekur kannski mesta athygli að þeim sem sótt hafa réttindanámskeiðin hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Að öllum líkindum má rekja þessa þróun til

## FRÁ ÚTSKRIFT HAUSTANNAR NEMENDA



*Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Ragnhildur Sif Hafstein, Berglind Glóð Gardarsdóttir og Helga Hrönn Karlsdóttir.*



*Berglind formaður skálar við hóp nýtskrifaðra.*



*Þorsteinn Davíðsson afhendir Helgu Hrönn Karlsdóttur útskriftarskjal.*




*Við útskrift þann 23. nóvember síðastliðinn.*

fækkunar útskrifaðra lögfræðinga og takmarkaðri atvinnuönguleika þeirra sem ljúka laganámi. Eins og áður segir luku aðeins 37 lögfræðingar námskeiði til öflunar málflytningsréttinda á árinu 2018 samanborið við 90 lögfræðinga þegar mest lét árið 2013.

Grafið sýnir fjölda þátttakenda á námskeiði til öflunar málflytningsréttinda á árabílinu 2000 – 2018.

Þessi fækkun lögmannsefna endurspeglast svo í fjölda félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands en þeim hefur fækkað nokkuð síðustu misseri. Eru þeir nú 1072 samanborið við ríflega 1100 þegar fjöldinn var mestur á árinu 2016.

Ingimar Ingason



*Grafið sýnir fjölda þátttakenda á námskeiði til öflunar málflytningsréttinda á árabílinu 2000 – 2018.*



# AÐGENGI AÐ LÖGMÖNNUM Í HEIMABYGGÐ MIKILVÆGT

KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR LÖGMAÐUR

Sunnan við Lagarfljót hafa þrír lögmenn rekið lögmennsstofuna SÓKN allt frá árinu 2010. Starfstöðin er á Egilsstöðum en stofnendur stofunnar og eigendur eru hæstaréttarlögmennirnir Hilmar Gunnlaugsson, Eva Dís Pálmadóttir og Jón Jónsson. Lögmennablaðið fór í húsvitjun á dögnum þar sem lögmenn stofunnar sátu fyrir svörum um starfsskilyrði „dreifbýlis-lögmanna“.

Það var létt yfir eigendum Sóknar lögmennsstofu þegar Lögmennablaðið tók á þeim hús. Starfsmenn stofunnar eru fjórir og er Eva Dís jafnframt framkvæmdastjóri. Auk fyrrnefndra lögmanna er þar lykilstarfsmaður hverrar stofu; skrifstofustjórinn sem að auki gegnir stöðu innheimtustjóra og aðstoðarmanns lögmanns. „Við stofnuðum Sókn lögmennsstofu árið 2010 en höfðum áður starfað saman hér á Egilstöðum undir merkjum annarrar stofu sem hafði starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu. Síðan þá höfum við átt farsælt samstarf og reksturinn gengið vel,“ segir Hilmar Gunnlaugsson aðspurður um upphaf samstarfsins. „Ég hef verið starfandi lögmaður hér á Egilsstöðum síðan árið 1998 en við þrjú höfum starfað saman allt síðan í ársbyrjun 2004“ .

Öll hafa þau víðtæka reynslu af hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar og eru sveitarfélögin á Austurlandi, Vesturlandi og víðar meðal viðskiptavina stofunnar auk stéttarféлага og annarra féлага enda sveitarstjórnarréttur, eignaréttar- og fasteignamál, félagaréttur og mál er varða fjármálafyrirtæki og vinnuréttur meðal sérsviða lögmennastofunnar. Auk þess hafa þau unnið allnokkuð fyrir landeigendur og ýmis fyrirtæki. Eva: „Vitanlega er innbyrðis sérhæfing hérna innan stofunnar, Hilmar er sérfræðingur í orkurétti og Jón einnig, og ég er til að mynda mikið í vinnuréttarmálum.“

Nú blasir við að mun færri lögmenn starfa á þeirra svæði auk þess sem samfélagið er smærra og því náðin meiri. Því er eðlilegt að spyrja þau hvaða áhrif sú staðreynd hafi og hvort þau telji starfsskilyrði lögmanna sem starfa á landsbyggðinni eitthvað frábrugðin því sem við þekkjum sem störfum á höfuðborgarsvæðinu:

Eva: „Í reynd er starfssvæðið mun stærra og tel ég 30-40% okkar vinnu utan þessa svæðis, við erum því töluvert í Reykjavík og sinnum ákveðnum verkefnum s.s. nefndarstörfum og öðru sem oft má leysa með fjarfundar-búnaði“. *Svo hagsmunarárekstrar eru kannski ekki tíðir?* Eva: „Það getur vissulega oft komið upp, við erum til að mynda að vinna fyrir stóra aðila, fyrirtæki og stéttarfélög, svo það segir sig sjálft að ef upp kemur gjaldþrot af stærri gráðu erum við oft vanhæf til að sinna skiptastjórn vegna fyrri aðkomu okkar að málefnum viðkomandi. Við tilkynnum vitanlega viðskiptavinum okkar, t.d. sem eru í atvinnurekstri, strax ef við getum ekki sinnt hagsmunagæslu þeirra vegna hugsanlegrar fyrri aðkomu, sem hefur einkum komið upp í vinnuréttarmálum.“ Jón: „Þetta er alltaf ákvörðun í hvert



*Hæstaréttarlögmennirnir Jón Jónsson, Hilmar Gunnlaugsson og Eva Dís Pálmadóttir.*

sinn og ræðst af mörgum þáttum, sem dæmi má nefna hvort um er að ræða umbjóðanda sem við höfum unnið fyrir um árabíl andspænis öðrum sem er að leita til okkar í fyrsta sinn, en þetta verður bara að meta faglega í hvert sinn.“ Eva bætir því svo við að á Egilsstöðum séu í reynd óvenju margir lögmenn starfandi í ljósi stærðar, samanborið við aðra þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Á miðasturlandi séu til að mynda sex starfandi lögmenn, á Ísafirði séu það 1-2 lögmenn, einn á Sauðárkróki og sömuleiðis á Blönduósi. Þau eru á einu máli um að reynslan sýni að það að hafa aðgengi að lögmönnum í heimabyggð skipti bersýnilega miklu máli svo fólk leiti réttar síns og sæki hann.

### **Lögðu faxtækinu 2010**

*En hverjar skyldu vera helstu áskoranir utanbæjarlögmanna sem þeir sem starfa á mölinni gera sér ekki endilega grein fyrir?* Hver er ykkar reynsla af þjónustu dómstólanna á höfuðborgarsvæðinu og annarra stjórnáslustofnana sem eru eingöngu með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og samskiptin almennt, einkum í ljósi þess hve vegalengdir eru miklar?

„Öll samskipti hafa gengið vel í gegnum tíðina, og ber sérstaklega að hrósa Landsrétti fyrir lipurð og einkum nýtingu dómstólsins á rafpósti, sem hefur sýnt sig að er ágætis tækni,“ bætir Jón við og kímir. „Við höfum ekki, enn

---

## PANNIG LÍÐA STUNDUM ALLT AÐ FIMM VIKUR Á MILLI REGLULEGRA DÓMPINGA, SEM GETUR SKAPAÐ SÉRSTAKA STÖÐU.

---

sem komið er, þurft að mæta suður í undirbúningsþinghöld og afhending stefnu til útgáfu er möguleg í gegnum tölvupóst.“ Það er sem kunnugt er misjafnt milli embætta hversu notkun tækni er langt komin og aðspurð kveðjast þau hafa lagt faxtækinu endanlega árið 2010. Þó nefna þau, að þau finni óneitanlega öll verulega fyrir hinum stytta kær- og áfrýjunarfrestum, sérstaklega í ljósi fækkunar reglulegra dómþinga þar fyrir austan sem og víðar á landsbyggðinni. Í dæmaskyni er nefnt að upp geti komið sú staða að dómur er kveðinn upp heima í héraði á miðvikudegi fyrir páska eða önnur dómsathöfn sem til álita kemur að kæra, og þá gefur augaleið að tíminn getur verið ansi fljótur að fara. Sama gildi um mánaðarfrestinn til áfrýjunar sem og til afhendingar greinargerðar og ágríps. Jón telur að mögulega hafi verið farið aðeins of bratt í það að stytta þessa fresti, þegar horft er til praktískra atriða. Undir sömu sjónarmið taka Eva Dís og Hilmar og bendir Eva einnig á í þessu sambandi að stjórnir og fyrirsvarsmenn stærri aðila hittist oft ekki nema með nokkru millibili

og fundir sveitarfélaga séu jafnvel á nokkurra mánaða fresti. „Það getur orðið ansi knappt fyrir umbjóðandann, einkum þegar um er að ræða slíka stærri aðila með mörgum stjórnarmönnum eða fjölskipuð stjórnvöld, að þurfa að kynna sér niðurstöður dóma, öll gögn og taka ákvörðun um áfrýjun eða kæru á svo skömmum tíma. Svo ekki sé talað um þá vinnu sem þá fyrst getur farið í hönd hjá lögmonnum,“ segir Jón og tekur í sama streng.

### Lögmannafélag Reykjavíkur?

Hér áður fyrr heyrðist því fleygt að réttnefni félagsins væri Lögmannafélag Reykjavíkur, hver er upplifun ykkar af þjónustu félagsins og tilliti til „landsbyggðarlögmannna“, gætuð þið tekið undir þetta? Jón: „Nei, það myndi ég nú alls ekki segja og ber að taka það fram að öll samskipti við starfsmenn félagsins eru og hafa verið algerlega til fyrirmyndar“. Hilmar og Eva taka undir það og kveðjast enn fremur öll hafa nýtt sér að sækja námskeið á vegum félagsins í gegnum fjarfundabúnað eftir að boðið var upp á þann kost, sem hafi verið mikil bót.

### En hvað um hagsmunagæslu gagnvart félagsmönnum?

„Fókusinn er, kannski óhjákvæmilega á starfsumhverfi lögmannna á höfuðborgarsvæðinu“ segir Jón. Þau benda á að lögmennti úti á landi séu ekki í framfarðasveit lögmannafélagsins og því kveiki menn ekki alltaf endilega á þeim atriðum sem snúa að álitaefnum sem varða landsbyggðina verulegu, án þess að vera bent sérstaklega á það, þar sem lögmennti í Reykjavík upplifi þetta ekki af eigin raun. „Því verður ekki neitað að við erum að upplifa skerðingu á þjónustu, sem mætti einfaldlega leysa með skynsamlegum hætti“. Veigamikil atriði er til að mynda fækkun reglulegra dómþinga á landsbyggðinni, sem áður var vikið að, en á Austurlandi hefur þingdögum verið fækkað niður í einn á mánuði, líkt og víðar. „Þannig líða stundum allt að fimm vikur á milli reglulegra dómþinga, sem getur skapað sérstaka stöðu. Nú er frestur til að skila frávisunargreinargerð til dæmis fjórar vikur, þá verður að halda aukþing til að unnt sé að leggja slíka greinargerð fram. Við sjáum ekki alltaf vinnusparnaðinn sem í þessu á að felast.“ Einnig nefna þau að það geti verið bagalegt að þurfa jafnvel að bíða í fimm vikur með að þingfesta mál og eins ef fallist er á frestbeidni lögmanns gagnaðila þá er í reynd verið að veita heilan mánuð í viðbótarfrest. Þau nefna að þeim sé reyndar ekki kunnugt um hvernig málum sé háttað, hvort dómstólasýslan eða aðrir beri slík atriði undir LMFÍ eða óski umsagnar. Þau hafa átt frumkvæði að því að stíga fram og koma með ábendingar um skynsamlegar lausnir. Aðspurð verði þau að játa að lítið frumkvæði hafi komið

frá LMFÍ eða að óskað sé álits að fyrra bragði. „Á hinn bóginn hefur öllum ábendingum okkar verið afar vel tekið af lögmannafélaginu í gegnum tíðina, bæði hugmyndum og tillögum að lausnum,“ segir Jón. Eru þau öll á sama máli um að svo hafi verið og eru sannfærð um að samráð og samstarf muni eingöngu koma til með að aukast í framtíðinni. Þá eru þau hjartstýn á að helstu stofnanir og aðilar muni í auknum mæli tileinka sér þá margvíslegu tækni og hagnýtar lausnir sem sífellt eru í þróun og þá sem nú þegar er fyrir hendi.

Að endingu var einboðið að spyrja Hilmar út í Áorku, en hann var sem kunnugt er driffjöðrin og annar stofnanda félagsins ásamt Baldri Dýrfjörð. Félagið var sett á laggirnar síðastliðið vor og er deild innan lögfræðingafélagsins, en hvernig kom þetta til? „Hugmyndin kviknaði þegar ég var erlendis í framhaldsnámi í orkurétti. Próffessorarnir mínir ytra voru formenn sambærilegra félaga í Danmörku annars vegar og Hollandi hins vegar. Í náminu og í gegnum þá kynntist ég slíkri starfsemi, en hliðstæð félög hafa verið starfrækt á hinum Norðurlöndunum. Þeir stungu að mér að stofna slíkt félag hér á Íslandi sem og við gerðum. Þetta er hugsað sem vettvangur eða félag áhugafólks um orkurétt og var stofnað á vormánuðum.“ Þess má geta að yfir 60 manns skráðu sig fljótlega í félagið og því ljóst að mikill áhugi er meðal íslenskra lögfræðinga á málefnum, enda nærtækt héraðs.

Þá voru þremmingarnir æðrulaus þegar talið barst að vandkvæðum sem skapast gætu við samgöngur vegna veðurfars og þau beðin um hrakningasögur „úr sveitinni“. „Það hefur oft komið fyrir að maður sitji fastur á Fjarðarheiði í nokkra tíma í bílnum á leið til uppboðs, aðalatriðið er að láta ekkert koma sér á óvart.“ Þá mun það ekkert einsdæmi að skottúr í fyrirtöku til Akureyrar vindi upp á sig og endi með tveggja daga ferðalagi og jafnvel heimflugi í gegnum Reykjavík. „Okkur finnst þetta ekkert mál – við gerum einfaldlega alltaf ráð fyrir því við brottför að veðrið geti sett strik í reikninginn, maður bara býr sig vel og tekur alltaf með sér tölvuna vitanlega og gögn til að nýta tímann.“



# Gleðileg jól, farsælt komandi ár



*Edalhlæði*  
GALLERÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY



**KPMG**

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

**LMB | MANDAT**  
LÖGMANNSTOFA | LEGAL SERVICES

**L** LÖGMANNSHLIÐ  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
GÍLERÁRGÖTU 36 • 600 AKUREYRI • SÍMI 466 2700 • NETFANG: LH@LOGMANNSHLID.IS  
SIGMUNDUR GUÐMUNDSSON HÍDL • INGVAR ÞÓRODDSSON HRL

**LIT ehf.**

Ingi Tryggvason hrl.

Gyðí Thorlacius hrl.  
Svala Thorlacius hrl.  
S. Sif Thorlacius hrl.  
Kristján B. Thorlacius hrl.  
Guðmundur Ómar Halsteinnsson hrl.

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

**L** LÖGMENN  
HÖFÐABAKKA

LÖGMENN | LÆKJARGÖTU

  
**pwc**

**Mörkin** lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · [www.law.is](http://www.law.is)

# „ENGINN REISIR FANGELSISMÚR ÚR ÆÐADÚN“

SÖGUGANGAN LÖGFRÆÐIN Í BÆNUM



Í kulda og trekki röltu lögmenn undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar um nokkra sögulega staði í elsta hluta Reykjavíkur þann 3. nóvember síðastliðinn.



Fyrst var staðnæmst við gamla Landsyfirréttarhúsið í Austurstræti 22 og rifjuð nokkuð upp saga hússins sem Ísleifur Einarsson yfirdómari reisti 1802 en var síðan aðsetur stiftamtanna á árunum 1805-1820 (og Jörundar hundadagakonungs í byltingu hans 1809). Landsyfirréttur, sem stofnaður var 1800, fékk svo inni í þessu húsi 1820 og var þar í stofunni hægra megin til 1873. Vinstra megin var Bæjarþingstofa Reykjavíkur en uppi á lofti var svarthol fyrir sakamenn.

Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg er svo eitt merkasta húsið í Reykjavík og var rifjuð upp saga þess en það var byggt á árunum 1761-1771 sem tukthús og gegndi því hlutverki til 1813. Þar sátu bæði karlar og konur sem fangar og var haldið að vinnu. Húsinu var gjörbreytt 1820 og fékk þá það hlutverk að verða æðsti embættisbústaður Íslands, þar sátu eftir það stiftamtmennt landsins, oftast ungir danskir aðalsmenn á framabraut, og síðan landshöfðingjar Íslands til 1904. Þá var framkvæmdavaldið flutt heim og húsið gert að Stjórnarráði Íslands. Þar hafa verið skrifstofur ráðherra Íslands og forsætisráðherra frá Hannesi Hafstein til Katrínar Jakobsdóttur. Margir sögulegir atburðir hafa gerst í húsinu og við húsið og nægir aðeins að nefna valdaskiptin 1. desember 1918 þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.

Aðeins var staðnæmst við hús Stefáns Gunnlaugssonar landfógeta sem hann reisti á svokallaðri Bernhöftstorfu 1836 (Amtmannsstíg 2). Stefán var áhugasamur um lýð- og þjóðréttindi og var frægur fyrir að hafa verið maðurinn sem íslenskaði Reykjavík.



Nú var orðið ansi kalt og var því skundað upp í Hegningarhús við Skólavörðustíg þar sem hópurinn fékk inngöngu. Þetta steinhlaðna hús sem fullgert var 1873 var hugsað sem Dóm-, ráð- og tukthús Reykjavíkur. Fyrst var farið upp á loft og skoðaðir tveir salir sem þar eru. Vestan megin í framanverðu húsinu er salurinn sem hýsti Landsyfirrétt frá 1873 þar til hann var lagður niður 1919 og Hæstiréttur Íslands tók við en hann var hér til húsa allt til 1947. Austan megin er svo Bæjarþingssalur en í honum fóru m.a. fram bæjarstjórnarfundir til 1902.

Eftir að hafa skoðað þessi húsakynni var farið niður í fangelsisganginn og skoðaðir fangaklefar sem notaðir voru allt til 2017. Einnig var farið út í fangelsisgarðinn og niður í þvottakjallara.

[Guðjón Friðriksson](#)



# SYSTRAFÉLAG KVENNA Í LÖGMENNSKU SÓTT HEIM



Í Bronx.

Í mars 2018 komu starfssystur Félags kvenna í lögmennsku (FKL) frá New York í heimsókn til Íslands. Blásið var til málþings undir yfirskriftinni „Jafnréttisparadísin Ísland“ og var sú fyrirsögn ekki síst valin vegna þeirra fyrirfram gefnu hugmynda sem gestir okkar höfðu um stöðu jafnréttismála hér á landi. Stjórnarkonur fylgdu svo gestunum í nokkra daga og voru ráðuneyti og Alþingi sótt heim auk Reykjavíkurborgar og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Gestir okkar voru mjög ánægðir með móttökurnar og mynduðust góð tengsl okkar á milli.

Í lok maí var svo komið að því að endurgjalda heimsóknina og fóru félagskonur FKL í heimsókn til systurfélags



FKL vann kokteilkeppnina með glæsibrag.

okkar í New York-borg og New York-fylki. Þátttakendur í ferðinni voru auk undirritaðrar, Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður og Elín G. Einarsdóttir, lögfræðingur á Mannréttindaskrifstofu Íslands.

## Sátu með dómara á „beknum“

Við fengum frábærar móttökur og byrjuðum á því að heimsækja saksóknaraembættið í Bronx. Það var mikil upplifun þar sem við fórum með saksóknurum hjá embættinu í „arraignment court“ og fylgdumst með þegar sakborningar komu fyrir dómara eftir að hafa verið handteknir.

Dómarinn bauð okkur að sitja með sér á „beknum“ á meðan hann tók fyrir nokkur mál og sýndi okkur með hvaða hætti væri ákvarðað hvort að sett er lausnargjald eða viðkomandi sleppt gegn því að samþykkja að fara í meðferðarprógramm. Það var stórkostleg upplifun að fylgjast með hvernig ferlið er á þessu dómstigi auk þess sem við náðum aðeins að setja okkur í spor dómara við dómstólinn.

### Sakadómstóllinn í Bronx og áfrýjunardómstóllinn í Manhattan

Við heimsóttum einnig sakadómstólinn í Bronx, þar var rétt að yfir manni sem hafði ráðist á tvö börn og stolið af öðru þeirra síma. Maðurinn hafði setið í gæsluvarðhaldi í tvö ár vegna málsins og var loksins kominn fyrir dóm þar sem kviðdómur myndi ákveða örlög hans. Að lokum tók Darcel D. Clark aðalsaksóknari í Bronx á móti okkur á skrifstofu saksóknara og spjallaði við okkur.

Þá var haldið til Manhattan þar sem Patricia Hennessey (lögmaður fyrrverandi tengdadóttur Donalds Trump) tók á móti okkur og við heimsóttum áfrýjunardómstólinn og vorum viðstaddar þinghald sem varðaði kyrrsetningu barna. Við áttum gott spjall við dómara og það var áhugavert

að sjá hversu ólík málsmeðferðin er hjá bandarískum dómstólum miðað við hina íslensku dómstólaframkvæmd.

Eftir maraþon heimsókna í New York var haldið til Cooperstown í norður New York-fylki þar sem við tókum þátt í þriggja daga ráðstefnu á vegum Women's Bar Association of the State of New York sem eru heildarsamtök félags kvenna í lögmennsku í New York-fylki.

Á ráðstefnunni voru mörg áhugaverð erindi t.d um siðareglur lögmanna, #metoo og vinnuumhverfið og einnig var fjallað um innflytjendamál í ljósi nýrra tilskipana Bandaríkjaforseta og fleira. Þá var ekki síður skemmtileg dagskrá fyrir þátttakendur að loknum erindum dagsins þar sem fulltrúar FKL tóku m.a. þátt í keppni í kokteilverð og fóru með sigur af hólmi.

Ferðin var afskaplega vel heppnuð og hefur Félag kvenna í lögmennsku aflað nýrra og góðra tengsla við systurfélag okkar vestan hafs.

[Kolbrún Garðarsdóttir, lögmaður og formaður FKL](#)



Á spjalli við dómara og lögmenn.



„In god we trust“.

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### Jón Bjarni Kristjánsson

Kr. St. Lögmannsstofa, Hafnarholi, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 551-6412

### Jón Elvar Guðmundsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

### Jón Gunnar Ásbjörnsson

Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2911

### Styrmir Gunnarsson

Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2911

### Pórir Júlíusson

Fjeldsted & Blöndal, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Sími: 414-3053

### Birgir Már Björnsson

LEX lögmannsstofa ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2606

### Hilmar Gunnarsson

Mörkin lögmannsstofa hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík Sími: 414-4100

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Floxi Hrafn Sigurðsson

OPUS lögmann, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 515-2200

### Inga Lilly Brynjólfssdóttir

Digna lögmannsstofa, Borgartúni 20, 2. hæð, 105 Reykjavík Sími: 519-8400

### Ólafur Hvanndal Ólafsson

Libra lögmann, Tjarnargötu 36, 101 Reykjavík, Sími: 551-1349

### Saga Ýrr Jónsdóttir

Vox lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík, Sími: 531-1000

### Unnsteinn Örn Elvarsson

E.S. Legal ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, Sími: 517-3344

### Guðbjörg Benjamínsdóttir

Forum lögmann, Ármúla 13, 108 Reykjavík, Sími: 511-5008

### Jón Þór Ólason

Jónatansson & Co. lögfræðistofa ehf., Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík, Sími: 533-3434

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

### Guðríður Margrét Kristinsdóttir

Landhelgisgæsla Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, Sími: 545-0266

### Reynir Þór Garðarsson

PACTA, Austurvegi 3, 800 Selfoss, Sími: 440-7900

### Arndís Kristjánsdóttir

Jónatansson & Co., Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík, Sími: 533-3434

### Gísli Logi Logason

Íslandsbanki, Norðurturn, 201 Kópavogur, Sími: 440-2540

### Stefán Björn Stefánsson

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Sími: 569-0863

### Bríet Sveinsdóttir

KPMG lögmann, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 545-6073

### Ásta Kristjánsdóttir

CATO lögmann, Höfðatorgi, 16. hæð – Katrínartúni 2, 105 Reykjavík Sími: 595-4545

### Páll Ágúst Ólafsson

Ísmál, Síðumúla 27, 108 Reykjavík, Sími: 8951747

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

### Hrafnkell Óskarsson

KPMG lögmann, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 545-6320

### Ásta Kristjánsdóttir

CATO lögmann, Katrínartúni 2, Höfðatorg, 105 Reykjavík, Sími: 595-4545

### Jón Örn Árnason

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Sími: 414-4100

### Davíð Örn Guðnason

Attornatus ehf., Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík, Sími: 588-8925

### Haukur Halldórsson

Codexnova, Nýbílavegi 8, 200 Kópavogi, Sími: 695-9990

## NÝR VINNUSTAÐUR

### Guðjón Ólafur Jónsson

Slysabætur ehf., Suðurlandsbraut 14, 3. Hæð, 108 Reykjavík, Sími: 588-0188





FORVINNSLA




PRENTUN



FRÁGANGUR

# Litla & prent





**Oddur Ástráðsson**

LMB Mandat, Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík, Sími: 511-1190

**Fróði Steingrímsson**

VÍK lögmannsstofa, Laugavegi 77, 101 Reykjavík, Sími: 515-0200

**Gunnar Jóhann Gunnarsson, lögmaður**

Náttskuggi ehf., Desjamýri 8, 270 Mosfellsbær, Sími: 695-2525

**Ásta Guðrún Beck**

Direkta lögfræðipjónusta, Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfjörður  
Sími: 571-8600

**Ívar Örn Ívarsson**

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 411-4100

**Ásta Stefánsdóttir**

Bláskógabyggð, Aratungu, 801 Selfoss, Sími: 480-3000

**Guðbjörg Benjamínsdóttir**

Forum lögmennt, Ármúla 13, 108 Reykjavík, Sími: 511-5008

**Halla Björg Evans**

Ágúst Karl Guðmundsson  
Soffía Eyðís Björgvinsdóttir

Jóhann Rafn Tómasson

Ása Kristín Óskarsdóttir

Hörður Guðmundsson

Kristinn Jónasson

Hrafnkell Óskarsson

KPMG lögmennt ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 545-6150

**Oddur Þórir Þórarinnsson**

Land lögmennt, Smáratorgi 3, 12. hæð, 201 Kópavogur, Sími: 865-3592

**Vilhjálmur Bergs**

Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfjörður, Sími: 856-2693

**Haraldur Örn Ólafsson**

Arion banki, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

**Magnús Ingvar Magnússon**

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2900

**Einar Oddur Sigurðsson**

E.S. Legal ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, Sími: 517-5080

**Áslaug Björgvinsdóttir**

Lögman lögfræðipjónusta, Garðastræti 36, 101 Reykjavík, Sími: 863-7161

**Ólafur Rúnar Ólafsson**

Lögmannsstofa Norðurlands ehf., Strandgötu 19b, 600 Akureyri,  
Sími: 842-6066

**Guðrún Hólmsteinsdóttir**

Lögheimtan – Pacta, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, Sími: 440-7900

**NÝTT AÐSETUR**

Halldór Þ. Birgisson

Helgi Birgisson

Ólafur Örn Svansson

Stefán Geir Þórisson

Þorsteinn Einarsson

Guðbjörg Benjamínsdóttir

Viktoría Hilmarsdóttir

Ingibjörg Pálmadóttir

Forum lögmennt og Tort, Ármúla 13, 108 Reykjavík, Sími: 562-3939

**Birgir Örn Guðmundsson**

BÖG lögfræðistofa, Blásólum 22, 201 Kópavogur, Sími: 848-9939

**Guðbjörg Anna Bergsdóttir**

Löghorn, Lögmannsstofa Hornafjarðar, Litlubrú 1, 780 Höfn í Hornafirði  
Sími: 866-8312

**Jón Steinar Gunnlaugsson**

Konráð Jónsson

Hlynur Jónsson

JSG lögmennt, Síðumúla 27, 108 Reykjavík, Sími: 530-1230

**Ástríður Gísladóttir**

Steinar Þór Guðgeirsson

Jóhann Karl Hermannsson

Sigurður Snædal Júlíusson

Íslög ehf., Ránargötu 18, 101 Reykjavík, Sími: 414-7400

**Snorri Snorrason**

Lagaréttur Lögmannsstofa, Túngötu 14, 101 Reykjavík, Sími: 659-4659

**Lilja Margrét Olsen**

KATLA lögmennt/ Juralis lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 20, 2. hæð  
108 Reykjavík, Sími: 555-3600

**Arnar Þór Sæþórsson**

Beljandi ehf., Katrínartúni 2, Höfðatorgi, 16. hæð, 105 Reykjavík  
Sími: 869-2975



**Í fremstu röð í hundrað og ellefu ár.**  
LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmannsstofa á Íslandi sem á sér lengsta sögu. Heiðarleiki, fagmennska og metnaður er sá grunnur sem velgengni LOGOS byggir á.

Efstaleiti 5 • 103 Reykjavík • Iceland • +354 540 0300 • logos.is • logos@logos.is

**LOGOS**



**Cayenne E-Hybrid - staðalbúnaður:** Fjór hjóladríf, stillanleg fjöðrun, 8-gíra Tiptronic S sjálfskipting með skiptingu í stýri, leðurinnrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, LED aðalljós, LED afturljós, 19" álfelgur með loftþrýstingskynjurum, Sport Chrono pakki, fjarlægðarvari að framan og aftan, rafdrifin framsæti með 8 stillingum, hágæða 150w hljóðkerfi með 10 hátölurum, stafrænt mælaborð, 12" háskerpu stjórnborð með snertiskjá, skriðstillir (Cruise Control), sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera, tvískipt sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, Porsche stöðuleikakerfi (PSM), leðurklætt Sport aðgerðastýri, lykjalaus ræsing, Porsche ferðahleðslustöð, PCM (Porsche Communication Management), Connect Plus, samlit vindskeið á afturhlera, svartir listar á hliðargluggum, aðfellaðlegir hliðarspeglar, sjálfvirk birtustilling í baksýnispegli, litaðar hitaeinangraðar rúður. Sjá meiri staðalbúnað á [benni.is](http://benni.is).

# Rafmagnað sport

Þriðja kynslóð lúxusjeppans Porsche Cayenne E-Hybrid (**Plug-in**) er kraftmikill, umhverfisvænn og búinn fullkomnustu stjórnþækjum sem völ er á.

**Komdu og upplifðu rafmagnað sport.**

Hestöfl: 462

Hámarkstog: 700Nm

Hröðun: 5.0 sek. 0-100 km.klst.



**PORSCHE**

**Bílabúð  
Benna**

Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:

Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000  
[www.benni.is](http://www.benni.is) | [www.porsche.is](http://www.porsche.is)

Opnunartími:

Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardaga frá 12:00 til 16:00